
FORNLEIFASKRÁNING Á BORGARFIRÐI EYSTRI: DEILISKRÁNING Á HAFNARSVÆÐI OG SKRÁNING VEGNA LJÓSLEIÐARA



Kristborg Þórssdóttir

Reykjavík 2018

FS709-18211

FORNLEIFASTOFNUN ÍSLANDS SES



Á forsiðu er yfirlitsmynd af minjum um verbúðir Eiðamanna NM-224:010. Þær eru syðst á hafnarsvæði innan jarðarinnar Hafnar.

©Fornleifastofnun Íslands 2018

Bárugötu 3

101 Reykjavík

Sími: 551 1033

Fax: 551 1047

Netfang: fsi@instarch.is

Vefsíða: www.fornleif.is

Efnisyfirlit

SAMANTEKT	5
1. INNGANGUR	7
2. SAGA FORNLEIFASKRÁNINGAR OG LÖGGJÖF	9
3. AÐFERÐIR VIÐ FORNLEIFASKRÁNINGU	11
4. FORNLEIFASKRÁ.....	13
5. NIÐURSTÖÐUR	37
HEIMILDASKRÁ	50
HNITASKRÁ ISN93	53
MINJAKORT	54


Samantekt

Í þessari skýrslu birtast niðurstöður deiliskráningar fornleifa í Borgarfjarðarhreppi í Norður-Múlasýslu vegna tveggja aðskilinna verkefna. Annars végar voru fornleifar skráðar vegna ljósleiðaralagnar og hins végar innan deiliskipulagsreits á lóð í kringum smábáthöfnina við Hafnarhólma. Hafnarsvæðið er innan jarðarinnar Hafnar og vegna ljósleiðaralagnar voru skráðar fornleifar á jörðunum Hofströnd, Grund (áður Gilsárvallahjáleigu), Geitavík, Snorunesi og Njarðvík. Vettvangsvinna fór fram dagana 12.-15. júní 2018 að beiðni sveitarfélagsins. Skráðar voru 33 fornleifar en 45 minjaeiningar innan úttektarsvæðisins. Nánast allar fornminjar sem skráðar voru eru skilgreindar í stórhættu vegna framkvæmda en í langflestum tilvikum ætti að vera hægt að komast hjá raski á þeim.



1. Inngangur

Að beiðni Jóns Þórðarsonar, sveitarstjóra Borgarfjarðarhrepps, voru forminjar skráðar vegna tveggja verkefna í Borgarfjarðarhreppi í júnímánuði síðastliðnum. Annars végar var tekið út 5 ha landsvæði í kringum smábátahöfnina við Hafnarhólma í landi Hafnar á Borgarfirði eystri. Hins végar voru fjögur svæði tekin út þar sem leggja á ljósleiðara í sveitarféluginu. Ljósleiðarinn verður lagður frá Njarðvík í vestri að Höfn austast og nyrst í sveitarféluginu og suður að Grund (áður Gilsárvallahjáleigu). Víðast verður ljósleiðarinn lagður meðfram vegum og var fyrirfram ekki gert ráð fyrir að slík svæði væru tekin út heldur eingöngu fjögur svæði þar sem áætlað er að ljósleiðaralögn liggi yfir svæði langt utan vega.¹ Þessi svæði eru innan fimm jarða (Njarðvíkur, Jökulsár, Gilsárvalla, Grundar (áður Gilsárvallahjáleigu) og Hofstrandar, og er umrædd lögnsamtals 3,25 km löng. Þegar komið var á vettvang varð hins végar ljóst að þar sem ljósleiðari liggur meðfram vegum kemur hann víða til með að liggja allt



Á Íslandskortinu til vinstri er staðsetning minja sýnd með rauðum punktum. Kortagrunnur Gísli Pálsson. Á kortinu til hægri er yfirlitsmynd af svæðinu sem fyllt er um í þessari skýrslu. Ljósleiðari er sýndur með rauðri línu og afmörkun hafnarvæðisins er sýnd með rauðum fláka. Loftmynd: Loftmyndir ehf.

að 20 m frá veginum. Á þeim köflum eru óróskuð svæði og því var reynt eftir fremsta megni að ganga úr skugga um að allar þekktar minjar á þeim svæðum væru einnig skráðar. Það var gert með því að tala við heimildamenn á öllum jörðunum, fara í gegnum svæðisskráningu

¹ Í umsögn Minjastofnunar Íslands um framkvæmdina (bréf MÍ201804-0113/6.10/P.E.H.) kemur eingöngu fram að nauðsynlegt sé að kanna og skrá fornleifar þar sem landi hefur ekki verið raskað. Er þetta mjög almennt orðalag og býður upp á frjálslega túlkun framkvæmdaraðila. Það er alþekkt að þar sem landi hefur verið raskað (t.d. með túnasléttun) eru oft forminjar undir sverði og þó að þær sjáist ekki á yfirborði geta heimildir stundum um þær. Á Borgarfirði eystri voru tilmæli Minjastofnunar túlkuð þannig að ekki þyrfti að gera fornleifakönnun þar sem áætlað er að ljósleiðarinn liggi meðfram vegum því talsvert rask er yfirleitt næst þeim. Ljósleiðarinn liggur hins vegar víðast utan þeirra svæða meðfram vegum sem hefur verið raskað ef frá er talið svæðið þar sem vegurinn liggur um Njarðvíkurskriður.

fornleifa, rýna í loftmyndir og fara á vettvang á völdum stöðum utan úttektarsvæðanna fjögurra þar sem vísbendingar voru um fornminjar. Ekki var gengið skipulega meðfram vegum þar sem ljósleiðarinn á að liggja og því ekki útilokað að fleiri minjar séu á svæðinu sem hann verður lagður yfir. Ekki reyndist unnt að vinna ítarlegri úttekt miðað við þær forsendur sem gefnar voru og þann tíma sem áætlaður var í verkið.

Orri Vésteinsson og Sædís Gunnarsdóttir hjá Fornleifastofnun Íslands unnu heimildaskráningu fyrir Borgarfjarðarhrepp á tímabilinu 1998-1999 og nýttist hún vel við vettvangssúttektina.² Vettvangsskráning og skýrslugerð var í höndum Kristborgar Þórssdóttur, fornleifafræðings hjá Fornleifastofnun Íslands.

Alls voru skráðar 33 fornleifar en 45 minjaeiningar. Flestar minjar sem skráðar voru eru skilgreindar í stórhættu vegna framkvæmda þó að í mörgum ef ekki flestum tilvikum ætti að vera hægt að komast hjá því að raska minjum. Nokkar undantekningar eru á því að minjar séu skilgreindar í stórhættu. Það á við þar sem vitað er að fornminjar eru horfnar og þar sem nákvæm staðsetning minja er ekki þekkt en vitað er að þær voru/eru innan úttektarsvæðis.

Uppbygging skýrslunnar er með hefðbundnum hætti. Á eftir köflum um sögu fornleifaskráningar og aðferðir kemur fornleifaskrá með uppmælingum og ljósmyndum. Þar er fjallað um allar þær fornleifar sem skráðar voru innan úttektarsvæðanna. Í kjölfarið fylgir kafli þar sem helstu niðurstöður eru dregnar saman. Aftast í skýrslunni eru heimildaskrá og minjakort.

² Orri Vésteinsson og Sædís Gunnarsdóttir. 1998. *Menningarminjar á Fljótsdalshéraði og í Borgarfirði eystra. Svæðisskráning*. FS072-98081. Fornleifastofnun Íslands, Reykjavík.

Orri Vésteinsson og Sædís Gunnarsdóttir. 1999. *Menningarminjar í Borgarfirði eystri. Svæðisskráning*. FS074-98083. Fornleifastofnun Íslands, Reykjavík.

2. Saga fornleifaskráningar og löggjöf

Hátt á aðra öld er liðið síðan skráning fornleifa hófst á Íslandi en þó er enn langt í land að til sé heildstæð skrá um fornleifar á Íslandi. Á síðustu áratugum 19. aldar voru margir minjastaðir kannaðir á vegum Hins íslenzka fornleifafélags, einkum staðir sem á einn eða annan hátt tengdust fornsögum og sögu þjóðveldisins. Eftir aldamótin 1900 dró úr fornleifakönnun á vegum félagsins og var þráðurinn ekki tekinn upp að nýju fyrr en um og eftir 1980.

Skoðanir manna á því hvað teljast fornleifar hafa breyst mikið á þessum tíma. Byggingar sem voru hversdagslegar fyrir hundrað árum eru nú orðnar minjar um horfna lífshætti. Skilningur hefur vaknað á nauðsyn þess að skrá upplýsingar um slíkar minjar og vernda þær fáu sem eftir eru fyrir komandi kynslóðir. Nauðsynlegra upplýsinga um gerð og ástand fornleifa er aðeins hægt að afla með vettvangsathugun, og við það er venjulega átt með hugtakinu fornleifaskráning (ýmist aðal- eða deiliskráning). Til þess að vettvangsathugun komi að fullu gagni verður þó fyrst að taka saman ýmsar upplýsingar, bæði skriflegar og munnlegar, sem vísa á minjastaði og geta gefið vísbendingar um hlutverk mannvirkjaleifanna (svæðisskráning).

Á undanförnum árum hafa verið gerðar breytingar á löggjöf um verndun fornleifa og hefur eftirlit með framkvæmd laganna verið aukið. Samkvæmt 3. grein laga um menningarminjar (nr. 80, 2012), eru allar fornleifar á Íslandi friðhelgar: „Fornleifum, [...] jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað [...].“ Er þessi fornleifakönnun í anda markmiða sem sett hafa verið með þessari löggjöf. Mat á áhrifum framkvæmda á fornleifar gerir kröfur um fjölpætta athugun á heimildum og vettvangsraðsókn, enda er skilgreining á fornleifum í þjóðminjalögum víðtæk. Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jöklum, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:

- a. búsetulandslag, skrúðgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bænhúsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum,
- b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri,
- c. tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarminjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita,
- d. vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirki og bátlægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra,

e. virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum,
f. þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og
aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða
þjóðsagnahefð,

g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða
skútum, á klettum, klöppum eða jarðfostum steinum og minningarmörk í
kirkjugörðum,

h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið,
i. skipsflök eða hlutar þeirra.


Minjar 100 ára og eldri teljast til fornleifa, en heimilt er þó að friðlýsa yngri
minjar.

Það er skyrt af þessari skilgreiningu að fornleifar eru ekki aðeins öll mannvirki heldur einnig
staðir sem á einn eða annan hátt tengjast menningu og atvinnuvegum, hvort heldur sem er vöð
eða álagablettir. Þessari skilgreiningu er fylgt við hefðbundna fornleifaskráningu. Umhverfis
allar fornleifar er 15 m friðhelgað svæði en umhverfis friðlýstar fornleifar er 100 m friðhelgað
svæði.

Ef nauðsynlegt er talið að spilla fornleifum eða hylja þær, þarf að leita heimildar
Minjastofnunar Íslands.

3. Aðferðir við fornleifaskráningu

Í skráningarkerfi Fornleifastofnunar hefur hver sýsla skammstafað heiti (ÁR, SP o.s.frv.) og hver jörð hefur þriggja stafa númer. Miðað er við jarðaskiptingu eins og hún kemur fyrir í Jarðatali Johnsns frá 1847 og byggir tölusetning jarðanna á því. Skipting jarða um miðja 19. öld ræður ekki aðeins númerum í skránni heldur er miðað við hana þegar ákvarðað er hvaða jörð ákveðnir minjastaðir tilheyra. Hverjum minjastað er gefin kennitala sem er þriggja stafa númer sem hengt er við sýslutákn og jarðarnúmer (dæmi: SP-084:001). Fornleifaskrá hverrar jarðar hefst á stuttu yfirliti yfir skiptingu jarðarinnar, eignarhald hennar og matsverð, og einnig er gefin stutt lýsing á náttúrfari og búskaparaðstæðum og sléttun túna. Þar á eftir kemur listi yfir þær fornleifar sem fundust innan hverrar jarðar. Ekki eru birtar upplýsingar um aðrar fornminjar en þær sem skráðar voru á úttektarsvæðum vegna ljósleiðara og á hafnarsvæði.



Mynd 36. Tóft 041, horft til suðvesturs

heitir Geitakofi og ber við loft frá bæ séð," segir í örnefnaskrá. Geitakofi er um 100 vestan heimatsíns, á litlu holti eða hól. Fyrir vestan heimatsínið hækkar landið upp á svokallað holtaröð. Þar er tóft á holtini sem eins og nafnið ber með sér var geitakofi. Tóftin er áberandi og sest vel þegar komið er upp á holtaröðina. Geitakofi er 30 m austan við miðlinu fyrirhugaðs jarðstrengs. Virgírding er 20-30 m vestan við tóftina.
 Óræktar tún er umhverfis tóftina, það hefur líklega verið sléttad að einhverju leyti. Þarna er gras, fjallrapí og lyng í stórpýfi á köflum.
 Tóftin er 8x8 m að stærð, einfold og hringlagð. Hún er opin til NNV. Veggirnir eru 0,3-0,5 m á hæð, 2-3 m.
Hættumati hæta, vegna framkvæmda
Heimildir:Ó- Halldórssaðir, 10
 heimild sem vitnað er í,
 nánari fersla í heimildaskrá

Dæmi um skráningu á dæmigerðum minjastað

Í skránni fær hver minjastaður eina efnisgrein og er framsetning upplýsinganna stöðluð. Í fyrstu línu hverrar greinar eru grunnupplýsingar auðkennsnúmer, sérheiti, tegund, hlutverk og hnattstaða. Á eftir auðkennsnúmeri kemur sérheiti hennar ef eithvert er og síðan tegund. Með tegundarflokkun er leitast við að skilgreina hvers eðlis fornleifin er, þ.e. hvort um er að ræða mannvirki af einhverju tagi sem enn sést, og þá hverskyns (t.d. tóft, garðlag eða varða), mannvirki sem vitað er um en er horfið (heimild, örnefni) eða fornleif sem ekki hefur verið

mannvirki (álagablettur, sögustaður eða vað). Allir fornleifastaðir eru greindir til tegundar en hlutverk þeirra er ekki alltaf hægt að ákvarða.

Á eftir hlutverki kemur hnattstaða minjastaðarins í landshnitakerfi og er mælt í miðju hvers minjastaðar. Uppmælingar voru gerðar á öllum minjastöðum með Trimble Geoexplorer 6000 og er möguleg skekkja mælinganna innan við 1 metri, allt niður í nokkra sentimetra.

Þar sem getur um „heimild um...“ t.d. útihús, þá er átt við að eingöngu eru til heimildir um staðinn, en minjar hafa ekki fundist á vettvangi við skrásetningu. Þó engar minjar hafi fundist, er engu að síður tekin hnattstaða staðarins ef unnt hefur verið að ákvarða hann á grundvelli fyrirliggjandi upplýsinga með um 50 metra fráviki.

Í annarri línu hefst lýsing minjastaðar oftast á tilvitnun í fyrirliggjandi heimildir en síðan er staðsetningu hans lýst. Þar á eftir kemur oft lýsing á aðstæðum og síðast lýsing á mannvirkinu sjálfu ásamt öðrum upplýsingum sem við eiga.

Í næstsíðustu línu er lagt mat á þá hættu sem minjastaðurinn kann að vera í. Þá er í síðustu línu getið heimilda ef einhverjar eru, oft með skammstöfunum, en úr þeim er leyst í heimildaskrá aftast í skýrslunni.

4. Fornleifaskrá

NM-209 Njarðvík

40 hndr. 1695, 1847 Landnámsjörð. Þorkell fullspakur nam Njarðvík og bjó þar. ÍF I, 302. c. 1200: Jörðin nefnd í Kirknaskrá Páls, DI XII 4. Jarðarinnar er getið í Droplaugasonasögu og Fljótsdælu. ÍF XI, 141, 218. 1354 jörðin nefnd í máldaga Desjamýrar. DI III, 97-98. 1509: Þorvarður Bjarnason kaupir Njarðvík fyrir 60 hndr. með 12 kirkjukúgildum og silfurkaleik. DI VIII, 289. 1524: Margrét Þorvaldsdóttir selur Birni Jónssyni Njarðvík. DI IX, 253-254. 1548: Vitnisburðarbréf um sölu á Njarðvík. DI XI, 643. 1559: Kaupir Þorvarður Björnsson Njarðvík af systkinum sínum. DI XIII, 434. 1579: Þorvarður Björnsson gefur Magnúsi syni sínum hálfa Njarðvík og selur honum hin helminginn." Jarðabréf 266.

1847 1/2 Njarðvíkurkirkjueign, 1/2 bændaeign. "Landamörk á strandlengju eru við Unaós í Hjaltastaðaþinghá austan við Gripdeild, sem er hengiflug utan í fjöllum og skammt vestur af Kögri (um einn km vestur af Kögurtanganum - sjá kort), og við Snotrunes á Bölmóðshorn, sem er næsta horn austan við krossinn í Njarðvíkurskriðum. Að öðru leyti ráða vatnaskil á fjöllum mörkum." SJM II, 367.

1918: Tún 10,8 ha garðar 1011 m2. 1917: "Heimatún þýft, hin greiðfær, fremur grasgefin, sendið tún á parti á Borg. Engjar yfirleitt snöggendar, greiðfærar en ekki véltækar, að meirihluta þurrlandar, dreifðar um bithaga, sumar langt til fjalls. Heybandsvegur góður á engjar í neðra." SJM II, 370.

NM-209:050 tóft heystæði

735587 573201



Heystæði NM-209:050, horft til suðvesturs á ljósmynd.

Lítill heytóft er litlu austan við afleggjara heim að Njarðvík og Hlíðartúni. Hún er vestan við tún sem er sunnan við Njarðvíkurá og norðan við Borgarfjarðarveg (94) sem liggar inn á Borgarfjörð og Bakkagerði.

Tóftin er á nokkuð flatlendu og grónu svæði neðan við aflíðandi halla frá Borgarfjarðarvegi. Sléttlent er í kringum tóftina en smábýft er ofan við hana í hallanum.

Tóftin er mjög lítil, ferköntuð og einföld. Ekki er sýnilegt op á henni. Tóftin er 4,5x3 m að stærð og snýr nálega norður-suður. Veggir eru aðeins 0,3 m á breidd og 0,2 m á hæð. Þeir eru gengnir í þúfur. Pæla sést sunnan og suðaustan við tóftina.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda



Á vinstri mynd er tóft NM-209:051_1, horft til norðvesturs. Á hægri mynd er túngarður NM-209:051_2, horft til suðurs.


Unglegar torfhlaðnar minjar, tóft og garðlag, sem ætla má að hafi tilheyrt hjáleigunni Króksbakka 007, eru á milli tveggja túna sunnan við Njarðvíkurá og norðan við Borgarfjarðarveg (94). Minjarnar eru líklega á mörkum þess að vera nógum gamlar til að teljast til fornminja en búið var á Króksbakka fram til 1936. Ætla má að tóftin sé af úтихusi, mögulega fjárhúsum, og að garðurinn hafi afmarkað tún Króksbakka. Tvær minjaeiningar eru skráðar undir þessari minjaheild.

Ræktað tún nær alveg að minjunum að austanverðu en óræktarblettur er vestan við þær, á milli minjanna og annars túns vestan við þær. Minjarnar eru á fremur flatlendu svæði í mjög aflíðandi halla til nordurs. Grasgefið og smáþýft er þar sem ekki er túnrækt.

Minjarnar eru á svæði sem er um 66x9 m að stærð og snýr NNV-SSA. Tóft 1 er nyrst á svæðinu.


Hún er ferköntuð og einföld og er 11,5x9 m að stærð, snýr NNV-SSA. Ekki er veggur á NNV-hlið tóftarinnar og kann þar að hafa verið timburþil. Ef gengið var inn í tóftina á norðurhlíð þá hlýtur að hafa brotnað mikið af árbakkanum því hann er kominn mjög nærrí tóftinni. Þýft er innan tóftarinnar. Veggir eru um 1 m á breidd en ANA-veggur er þó mjórri, líklega vegna rofs. Veggir eru 1 m á hæð utanmáls þar sem þeir eru hæstir í suðausturhorni. Annars eru veggir víða 0,6-0,8 m á hæð. Rof er vestan við miðjan SSA-vegg. Garðlag 2 er 4,5 m sunnan við tóftina og er hann í sömu stefnu og VSV-langveggur tóftarinnar. Líklega hefur hann verið samþygður tóftinni. Garðurinn er 50 m á lengd og 0,5 m á hæð utanmáls (á VSV-hlið) en 0,8-0,9 m á hæð innanmáls (á ANA-hlið) en túnrækt austan við túnið hefur líklega ýkt þennan hæðarmun. Garðurinn er 0,8 m á breidd neðst og mjókkar lítillega upp á við.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda



NM-209:052 tóft óþekkt

735944 573186



Tóft NM-209:052, horft til norðvesturs á ljósmynd.

Einföld torf- og grjóthlaðin tóft er í suðurjaðri túns upp af hjáleigunni Króksbakka 007 og um 50 m norðan og neðan við Borgarfjarðarveg (94), syðst og austast í Njarðvíkinni. Hún tengist að öllum líkindum búsetu á Króksbakka en hlutverk hennar er ekki þekkt.

Tóftin er í brekku móti norðri. Grónar skriður eru allt í kring og grasi gróið en sléttan tún til norðurs.

Tóftin er 6x3,5 m að stærð og snýr nálega norður-suður. Hún er lítillega grafin inn í aflíðandi brekkuna. Allbreitt op er á norðurgafli tóftarinnar og virðist rof hafa komist að því og stækkað það. Veggir eru lítilfjörlegrir og hafa líklega ekki boríð þak. Þeir eru 0,5 m á breidd og 0,2-0,3 m á hæð utanmáls. Stöku laus steinn sést inni í tóftinni en ekki í veggjum og er hún líklega að mestu torfhlaðin.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

NM-210 Snotrunes

20 hdr. 1695, 1847. Nessins Snotruness er getið í Fljótsdælu. IF XI, 272. 1505: Narfi í Skriðuklaustri selur Vigfusi Erlendssyni Ystuskála undir Eyjafjöllum fyrir Snotrunes í Borgarfirði auk lausafé. DI VII, 805. "Landamörk við Njarðvík eru í Skriðum rétt austan við kross og við Geitavík aðeins innan við nýbýlið Framnes, sem er byggt úr Snotruneslandi og skurður á mörkum neðan við veg." SJM II, 374.

1918: Tún 5,2 ha. "Gamlar túnið er á framhlæpi Bæjarlækjar þvert um undirlendið, vel grasgefið og ókalkhætt, en var mestallt illþýft." 1917: "Tún í góðri rækt, 2ha. sléttir. Engjar sagðar snöggar, þýfðar og votar, en nærtækar og heygðar og engjavegur stuttur og góður." SJM II, 374-375.

NM-210:030 garðlag túngarður

738957 571458

Ofan Borgarfjarðarvegar (94) er líttill hluti af gamla heimatúni Snotruness. Þar var skráður torfhlaðinn túngarður í tengslum við fornleifakönnun vegna ljósleiðaralagnar 2018. Túngarðurinn afmarkar suðurhlið túnsins ofan vegar og að hluta til vesturenda þess en sá hluti er mjög raskaður. Í búskaparannál Snotruness sem finna má í Sveitum og jörðum í Múlaþingi segir að tún sé girt með garði og vír.



Suðurhluti túngarðs NM-210:030, horft til austurs.

Túngarðurinn afmarkar svæði á þurrlandu, kúptu og smáþýfðu túni neðst í lækjargili og rennur lækur norðan við það en myrlent er sunnan við það. Vatnsleiðsla liggur úr vatnsbóli eða brunni (ekki fornleif) ofan við túnið og sunnan við læk og sést sem hryggur í túninu.

Sá hluti túngarðsins sem skráður var afmarkar svæði sem er um 30x24 m að stærð og snýr norðursuður. Suðaustan við veginn sem sker túnið í sundur sést áframhald af garðinum á loftmynd á 92 m löngum kafla þar sem hann afmarkaði suðvesturhlíð túnsins.

Sá hluti garðsins sem afmarkar suðurhlíð túnsins er 0,8 m á beidd og 0,5-0,6 m á hæð innanmáls. Renna er sunnan við garðinn sem hefur myndast þegar efnið í hann var stungið upp. Af þeim sökum er hann hærri utanmáls eða 0,7-0,8 m. Rof er í garðinum á tveimur stöðum þar sem henn liggur meðfram suðurhlíðinni. Þar sem túngarðurinn sést aftur vestast í túninu er hann allur minni um sig og sjást í raun aðeins tveir litlir bútar sem hvor um sig er 4,5 m á lengd. Þessir bútar eru 0,7-

0,8 m á breidd og 0,3-0,5 m á hæð, hærri innanmáls en utanmáls. Á milli þeirra er 2 m breitt rof. Ummerki um yngri girðingar eru innan við garðinn á suðurhlíðinni og sjást sem hryggir í túninu.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

Heimildir: SJM II, 375


NM-210:031 tóft hesthús

738960 571482



Á vinstri mynd er hesthústóft NM-210:031_1, horft til suðurs. Á hægri mynd eru leifar af hrútakofa NM-210:031_2, horft til austurs.

Í gamla heimatúni Snotruness ofan (vestan) við Borgarfjarðarveg (94) er greinileg tóft og fast sunnan við hana er nokkuð afgerandi læggð. Þarna var líklega hesthús að sögn Andrésar Hjaltasonar, heimildamanns. Tvær minjaeininger eru skráðar undir þessari minjaheild. Eftir að vettvangsvinnu lauk og úrvinnsla var langt komin bárust þær upplýsingar frá Skúla Andréssyni, heimildamanni, að þar sem tóftin er hafi fyrst verið fjárhús og svo hesthús og að hrútakofi hafi



austast á norður-langvegg. Utanmál veggja sést ekki skýrt nema á norðurhlið. Þar eru veggir 0,3-0,4 m á hæð og 0,8 m á breidd. Tveir rekaviðardrumbar eru inni í tóftinni. Fast sunnan við tóftina er nokkuð ferköntuð lægð 2 sem er 5,5x3,5 m að innanmáli og 0,2-0,3 m á dýpt. Hún snýr austur-vestur. Að sögn Skúla Andréssonar, heimildamann, var þarna hrútakofi.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

NM-210:032 náma mógrafir



verið þar sunnan við þar sem lægðin er.

Minjarnar eru á þurrlandu, kúptu og smáþýfðu túni neðst í lækjargili og rennur lækur norðan við það en myrlent er sunnan við það. Þær eru frammi á allháum bakka í túninu sem hefur myndast við vegagerð.

Minjarnar eru á svæði sem er 11x7 m að stærð og snýr nálega norðursuður. Meint hesthústóft 1 er nyrst á því svæði. Hún er 6,5x4,5 m að stærð og snýr austur-vestur. Tóftin er að miklu leyti grafin niður og inn í aflíðandi halla til austurs. Ekki er útilokað að austurendi tóftarinnar hafi raskast vegna vegagerðar. Tóftin er einföld, torf- og grjóthlaðin en nánast algróin þannig að ekki sést í grjót nema á litlum svæði í innanverðum vesturgafli. Þar sjást tvö umför. Op er á tóftinni

þar sjást tvö umför. Op er á tóftinni

738989 571633

Mógrafir eru ofan (vestan) við Borgarfjarðarveg (94) í suðurenda hallamýrarsvæðis sem hefur verið framræst með skurðum. Grafirnar eru 110 m norðan við hesthús 031 sem er í heimatúni Snotruness. Í búskaparannál Snotruness sem er í Sveitum og jörðum í Múlaþingi kemur fram að mótekja og torfrista sé slæm. Að sögn Skúla Andréssonar, heimildamanns, var fyllt upp í þessar mógrafir og liggur núverandi vegur yfir þær að talsverðu leyti.

Svæðið er mjög grasi vaxið og að mestu burrt. Það er smáþýft og í halla til austurs.

Innri brún mógraфа sést á 70 m löngum kafla í vesturjaðri mógrafasvæðisins. Önnur mörk mógrafanna sjást ekki en að líkindum hafa þær náð að heimatúnini austan við veginn svo að gera má ráð fyrir að þær hafi verið á svæði sem er um 70x30-40 m að stærð og snýr norðursuður. Grafirnar eru grónar og saman signar. Mögulega hefur verið fyllt upp í þær. Upp á brúnir mógrafanna í vesturjaðri eru 0,3-1 m. Óljós ummerki eru um móskurð ofan og vestan við

mógrafirnar og er líklegt að mógrafirnar hafi náð lengra til vesturs.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

Heimildir: SJM II, 375

NM-211 Geitavík


8 hdr. 1695, 1847. Geitavíkur getið í Fljótsdælu. IF XI, 272. 1354: Segir í málðaga Desjamýrarkirkju að hún eigi saltfjöru í Geitvík, milli lækja. DI III, 97. 1397 á Valþjófsstaður hálfað viðreka í ytri Geitvík og viðreka og hvalreka í innri Geitvík. DI IV, 211. 1570 og síðar er Geitavík nefnd í málðaga Valþjófsstaðar. DI XV, 681.

Hjáleiga 1847 Geitavíkurhjáleiga. "G[eitavík] er næsti bær innan við Snotrunes, Framnes nú og marka getið þar. Fyrir innan (sunnan) er Bakkagerðisþorp og mörk við Merkilæk, rétt innan við Merki og Geitland og upp á miðjan Bakkadalsstafn í fjalli." SJM II, 378

1918:; (1): Tún 4,9 ha, garðar 820 m². (2) Tún 1,3 ha. (3) Tún 1 ha. (4) Tún 0,6 ha. 1917: "Tún í góðri rækt, snögglegt, þriðjungur sléttur, hitt greiðfært. ... Engjar snögglandar, greiðfærar og véltaekar með pörtum, sumar votar, áveita á aðrar, samfelldar góður og stuttur engjavegur, hey klétt en hollt. Góður sumarhagar, létt vetrarbeit, þrónglegt, næðingsamt, snjóþungr að jafnaðii, ágæt fjörubeit ..." SJM II, 380

NM-211:024 tóft fjárhús

738773 570152



Stór, ungleg fjárhústóft er ofan (vestan) Borgarfjarðarvegar (94), litlu suðvestan við nýbýlið Skriðuból sem stofnað var árið 1957. Fjárhúsin hafa að öllum líkindum tilheyrt Skriðubóli en Jón Björnsson, heimildamaður, taldi þau vera frá 1930-1940. Þau eru því að öllum líkindum of ung til að geta talist til fornminja en eru skráð engu að síður þar sem þau eru til vitnis um forna byggingarhefð og það umbreytingartímabil í byggingarsögunni þegar steypa tekur við af torfi og grjóti sem byggingarefni.

Tóftin er í grasgefnum og þýfðum móá sem líklegt er að hafi verið sleginn áður fyrr. Mýrlent er til suðvesturs. Grunnur, gróinn skurður er norðaustan við tóftina.

Tóftin er tvískipt, er 14x11 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Ekki er veggur á suðausturlanghlíð þar sem hefur verið timbur- eða bárujárnspíl. Minna hólfíð er í suðvesturenda og er allt grjóthlaðið. Það er 5,5x2,5 m að innanmáli og snýr norðvestur-suðaustur. Veggir þess eru 1 m á breidd og 1,5 m á hæð. Í þeim sjást 8 umför hleðslu. Stærra hólfíð er í norðausturenda og er úr blönduðu efni. Í því er lágar steyptur sökkull og grjóthlaðnir veggir þar ofaná. Stærra hólfíð er byggt inn í lága hæð til norðvesturs. Grjóthlaðni hlutinn í norðvesturvegg þess er

nánast horfinn. Mesta hæð veggja utanmáls í stóra hólfinu er um 1 m. Malargrús er í gólfí þess og hefur verið girt fyrir suðaustur og norðvestur hliðar tóstarinnar. Gömul heyvinnuverkfæri og annað járnarsl er inni í tóftinni.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

NM-211:025 hleðsla legstaður

738830 570493

Í Sveitum og jörðum í Múlaþingi segir í búskaparannál Geitavíkur: "Tveir forvitnilegir haugar eru í landareign, grafið í annan og kom í ljós hlaðinn grjótstokkur um 170x40-50 sm, tómur. Haugurinn er ofan við veginn rétt utan við Grafgil, 10-11 m í þvermál. Þegar vegagerðarmenn ætluðu nýverið að ýta honum í eða frá vegi, sá ýtumaður kynlegan flöktandi skugga af manni í ljóskeilu ýtunnar; varð skelkaður, hætti og eigi meir að gert." Skúli Andrésson man vel eftir þessum atburði og segir frá honum í viðtali við son sinn Andrés sem tekið var í september 2018, eftir að þessar minjar voru skráðar á vettvangi. Ýtumaðurinn sem var að vinna við vegagerð á þessum stað sá mann fyrir framan sig og sagði: "Hér vinn ég ekki meir." Með það gekk hann frá verkinu en Helgi Eyjólfsson tók við. Hann kom niður á grjóthleðslur og fór að skoða þær. Þarna sáust tvær samsíða raðir af rauðum steinhellum. Þær mynduðu mjóan stokk sem myndi rúma mannslíkama. Ekki er ljóst hvort hlaðið var fyrir enda stokksins. Helgi hafði samband við Þjóðminjasafnið og fékk fyrirmæli um að leita að gripum og beinum í moldinni ofan í stokknum en fann ekkert slíkt. Hætt var að raska þessu svæði og gengið frá því. Tveimur árum eftir þennan viðburð hlóð Skúli Andrésson grjótstokk litlu ofan við staðinn þar sem hleðslan kom í ljós. Það gerði hann til að merkja staðinn og reyna að koma í veg fyrir frekara rask. Þessar minjar og sýn gröfumannsins hafa verið túlkaðar þannig að þarna hafi verið legstaður þó að ekki hafi fundist bein eða gripir sem styðja það. Hinn haugurinn sem nefndur var hér í upphafi er í landi nýbýlisins Merkis (1920). Það er hringmyndaður hóll skammt upp af sjó. Meintar minjar um legstað eru á Grafgilshæð litlu sunnan við landamerki milli Snotrúnness og Geitavíkur og norðan við Grafgilslæk. Tvær minjaeiningar eru skráðar undir þessari minjaheild og að auki er ungri hleðslu Skúla lýst.



Á vinstrum mynd sést grjótstokkur sem hlaðinn var til að merkja meintan legstað NM-211:025 og koma í veg fyrir frekara rask, horft til norðvesturs. Aftan við hann sést móta fyrir lágri hleðslu. Hægri myndin er skjáskot úr upptökum Andréssar Skúlasonar af minjunum með flygildi í haust. Búið er að teikna ferhyrning í kringum grjótstokkinn sem hlaðinn var eftir að minjarnar komu í ljós. Einnig er búið að draga línu meðfram garðlagi eða hleðslu umhverfis hól sem þarna var áður en svæðinu var raskað við vegagerð.

Meintur legstaður er rétt norðan við gróðurlítinn mel fast ofan Borgarfjarðarvegar utan við

Grafgil. Ofar í landinu til vesturs er smáþýfður lyngmóí. Nokkuð víðsýnt er af þessum stað. Skúli minnist þess að áður en farið var að raska þessu svæði við vegagerð hafi verið þarna hlaðinn hringur og innan í honum miðjum var stór hundaþúfa sem hundar migu alltaf utan í. Hluti hringsins sést enn en hann var skemmdur að miklu leyti við vegagerðina. Grjót er í honum en sést orðið illa. Rauðu hellurnar sem stóðu upp á rönd og mynduðu stokk innan hringsins voru misháar og sneri stokkurinn austur-vestur. Hellurnar féllu um þegar sléttað var yfir svæðið en eru þarna enn. Vegna þess hversu neðarlega meint gröf var innan hringsins datt mönnum í hug að fleiri grafir gætu hafa verið innan hans. Grjótstokkurinn (025_3) sem hlaðinn var af Skúla sést enn vel. Hann er ílangur og er 1,7x0,5 m að stærð, snýr norðaustur-suðvestur. Hleðslan er um 0,2 m á hæð og í henni sjást 1-2 umför af grjóti, gróin grastorfa er ofan á henni. Á vettvangi tók skráningarmaður ekki eftir leifum af hlöðnum hring umhverfis meinta gröf og mældi hana því ekki upp. Andrés Skúlason, heimildamaður og sonur Skúla Andréssonar, sendi myndir sem hann tók af minjunum úr lofti með flygildi og þar sjást leifar af hringnum vel um 2 m vestan við hleðslu Skúla. Hann sést á um 6 m löngum kafla og liggur í sveig frá suðri til norðausturs. Ytri brún er nokkuð skýr en innri brún illgreinileg á myndunum. Garðhleðslan (025_2) virðist vera 0,5 m á breidd og er mjög lág, líklega ekki hærri en 0,2 m. Engin ummerki sjást um grjótstokkinn (025_1) sem kom í ljós við vegagerðina og búið er að slétta yfir. Hér er um mjög áhugaverðar minjar að ræða og mikilvægt er að þær verði rannsakaðar nánar til þess að fá upplýsingar um eðli þeirra og aldur.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

Heimildir: SJM II, 379-380

NM-217 Gilsárvallarhjáleiga

Hjáleiga Gilsárvalla. Heitir nú Grund. "G[rund] á suðurhlutann, þ.e. innri hluta, upphaflegu Gilsárvallatorfunnar og mörk bæjanna af Gilsárvallahól (einnig kallaður Grundarhóll í seinni tíð), sem rís æðihár og snarbrattur upp af bæjunum og niður í Fjarðará." SJM II, 402.


1918: Tún 3,6 ha, garðar 120 m². "Gróið land á jafnsléttu er mestmagnis myrlent nema valllendisbakkar að Fjarðará og austur við Þverá. Ræktunaskilyrði eru góð og framræsla þægileg. Inn af bæ er landfræðilega séð ysti hluti Hólalandsblár að Merkilæk og upp af grösug hlíð." 1918: "Tún gott, 1/4 sléttur. Engjar snöggendar, greiðfærar, samfelldar, nærtækar, heygóðar. Beitiland gott til sumarbeitar, létt vetrarbeit, en víðlent beitiland og sumt nærtækt; land skjóllitið og snjóþungt." SJM II, 402.

NM-217:001 Gilsárvallarhjáleiga bæjarhóll bústaður 738397 563889

"Nokkrum eftir síðustu aldamót hlaut bærinn Grundarnafnið eftir grundinni niður frá túninu, en hét áður Gilsárvallarhjáleiga. Var þar öðru hvoru tvibýli eins og nú, og stóðu bæirnir hvor gegnt öðrum, sinn hvoru megin við Bæjarlækinn, og voru nefndir Úthjáleiga og Framhjáleiga [012]. Núverandi Grundarbær stendur á rústum gamla Úthjáleigubæjarins, en íbúðarhús úr steinsteypu hefur verið byggt þar í hlaðvarpanum, og bóndinn í gamla bænum er með íbúðarhús í byggingu í fyrrverandi hlaðvarpa Framhjáleigubæjarins," segir í örnefnalýsingu. Í búskaparannál í Sveitum og jörðum í Múlapingi segir: "Gamall torfbær rifinn um aldamót [1900]. Byggt 1900 timburhús, ein hæð, ris og kjallarahola. Stærð 14x6 álnir, torfveggir á two vegu, járnþak." Bærinn var fast ofan (vestan) við steypt hús sem ekki er lengur búið í. Mjótt sund er á milli bæjarhóls og hússins.

Bæjarhóll Úthjáleigu er í aflíðandi halla í gömlu túni litlu vestan við Hólalandsveg (946) sem liggur um sveitina.

Ekki er að sjá mikla uppsöfnun mannvistarлага á bæjarstæði Úthjáleigu en þó er þar óregluleg



Bæjarhóll Gilsárvallahjáleigu/Úthjáleigu NM-217:001, horft til ANA á ljósmynd. Á uppmælingu má sjá afstöðu bæjarhóls, brunns NM-217:023 og ljósleiðara.


hólmyndun sem kalla mætti bæjarhól. Hóllinn er 36,5 m á lengd og 15 m á breidd í norðurenda en ekki nema 9 m á breidd í suðurenda. Um miðjan hóllinn gengur lág tunga út til vesturs og þar er hóllinn um 20 m á breidd. Hann er hæstur 0,3-0,4 m. Að sögn Jóns Sveinssonar, heimildamanns, voru yngri hús nyrst á bæjarhólnum, m.a. fjós og hesthús. Útihúsum á jörðinni var eytt vegna riðuhreinsunar og voru þau rifin um 1990. Í bæjarhólnum eru ójöfnur og eitthvað af grjóti syðst í honum. Í nyrðri endanum er brotajárn og annað rusl. Þess má geta að ofar (vestar) í túninu er mun stærri og umfangsmeiri rústahóll þar sem leifar af Fjárhúsum 014 eru skráðar. Ekki er útilokað að þar hafi verið eldra bæjarstæði Gilsárvallahjáleigu á oldum áður og að rústahóllinn sé gamall bæjarhóll.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Túnakort 1918; SJM II, 402; Ö-Grund, 4

NM-217:014 Fjárhúsið þúst fjárhús

738314 563944



Rústahóll með leifum af fjárhúsum NM-217:014, horft til SSA á ljósmynd.

"Út af því [Miðhúsi 013], fyrir utan ytri lækinn stóð Fjárhúsið. Niður frá því hét Fjárhústún," segir í örnefnalýsingu. Ofarlega í túni við ytri lækinn í Bæjarlæknum er stór rústahóll og að sögn Jóns Sveinssonar, heimildamanns, voru fjárhúsin á honum. Útflattar leifar af þeim sjást á hólnum, um 80 m VNV við bæ 001 og 30 m VSV við þúst 024.

Túnið er í aflíðandi halla til austurs og er mishæðótt. Bæjarlækurinn rennur þvert í gegnum það og skiptir því í two hluta.

Rústahóllinn sem Fjárhúsin eru á er gríðarstór og minnir á bæjarhól að stærð. Ekki er útilokað að eldra bæjarstæði Gilsárvallahjáleigu hafi verið á þessum stað. Hóllinn er 49x37 m að stærð og snýr nálega norður-suður. Hann er ílangur en nokkuð afgerandi hólbunga gengur út úr honum miðjum til austurs þar sem hann er breiðastur. Hóllinn er nokkuð flatur að ofan og er víðast um 1 m á hæð, hæstur norðvestast. Þar sést grjót í sverði. Á tveimur stöðum er rof eða jarðrask í hólnum, annars vegar austan við fjárhús, hins vegar í norðausturhorni fjárhúsanna. Leifar af fjárhúsunum eru í suðurhluta hólsins. Þar er stór þúst sem er 22x17 m að stærð, snýr NNA-SSV. Í NNA-enda þústarinnar er flatur hryggur. Sunnan við hann er greinileg lægð þar sem hefur verið hólf og er hún 6x4 m að innanmáli, snýr eins og þúst. Í suðausturhorni er önnur lægð, nokkuð afgerandi hólf sem er 2x2 m að innanmáli. Í henni sést grjót í veggheðslum. Fjárhúsþústin er um 0,5 m á hæð þar sem hún er hæst. Jón Sveinsson, heimildamaður, nefndi að það var ungar kálgardur norðan við fjárhús. Engin ummerki um hann sjást.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Ö-Grund, 5

NM-217:023 frásogn brunnur

738384 563889

Jón Sveinsson, heimildamaður, greindi frá því að bæjarlæknum hefði verið veitt í ytri farveginn til að knýja myllu ofan við túnið (sjá 002) og látið það renna í brunn í farveginum fast við suðvestan við bæjarhól Úthjáleigunnar 001. Sléttan var yfir minjarnar og brunnurinn fylltur.


Brunnurinn var í grónum farvegi Bæjarlækjar sem kvíslast í túninu en sameinast aftur í einn farveg rétt ofan Hólalandsvegar (946) sem liggur um sveitina.

Engin ummerki sjást lengur um brunninn og engar frekari upplýsingar fengust um gerð hans eða útlit. Ekki rennur lengur vatn í farveginum en deiglent er í honum.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

NM-217:024 þúst útihús

738361 563953



Þúst NM-217:024, horft til austurs á ljósmynd.

Stór en útflött þúst er í heimatúni Grundar/Gilsárvallahjáleigu, um 50 m norðvestan við bæ 001 og 10 m norðaustan við fjárhús 014. Þar sem þústin er í heimatúni eru miklar líkur á því að hún hafi gegnt hlutverki útihúss.

Túnið er nokkuð flatlent og jafnlent en er í aflíðandi halla til austurs.

Þústin er 15,5x13 m að stærð og snýr austur-vestur. Hún stendur 0,2 m upp úr umhverfi sínu, mögulega allt að 0,3 m að sunnanverðu. Greina má tvær grunnar dældir í þústinni sem ætla má

að gefi til kynna hvar hólf voru í þessu mannvirki. Vestari dældin er 6x3 m að innanmáli og snýr norður-suður. Austari dældin er 1x1,5 m að innanmáli og snýr norðaustur-suðvestur. Ekki sjást op inn í meint hólf. Þústn er öll grasi gróin og hvergi sést í grjót.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

NM-223 Hofströnd

8 hdr. 1695, 1847. 1354: Nafn jarðarinnar kemur fyrir í máldaga Desjamýrarkirkju DI III, 97, sbr DI IV, 222. 1570 og síðar er Hofströnd nefnd í máldaga Valþjófsstaðar. DI XV, 681. "Mörkin við Höfn eru rétt utan við Hamra, við Laxá ..." SJM II, 417.

1918: Tún 2,8 ha. 1917: "Tún sendið, erfitt að halda því í góðri rækt, greiðfært. Engjar snöggar, þýfðar, ógreiðar, þurrar og að nokkru samfelldar, sumar nærtækar, aðrar langssóttar. Sumarhagar litlir f. stórgripi en allgóðir f. sauðfé. Vetrarbeit góð fyrir fé ..." SJM II, 418.

NM-223:001 *Hofströnd* bæjarhóll bústaður 741840 568073

Þegar túnakort var gert fyrir Hofströnd árið 1918 var bærinn vestarlega í miðju túninu, um 10 m suðvestan við bæjarlækinn sem skipti túninu í two hluta. Steinhús var byggt á bænum árið 1904 og var hlaðinn kjallari undir því. Gamli bærinn brann og var nýtt íbúðarhús byggt 1989, litlu vestar og norðar. Malarplan er þar sem eldra íbúðarhús stóð en enn stendur hús syðst á bæjarstæðinu sem var í röð með eldri húsum sem nú eru horfin.

Víðsýnt er af bæjarstæði Hofstrandar til norðurs og vesturs. Sléttan tún er í kringum það og á því hefur orðið talsvert rask vegna byggingaframkvæmda og vegagerðar.

Ekki er mjög afgerandi bæjarhóll á Hofströnd en hann nær líklega yfir svæði sem er um 30x30 m að stærð. Mörk hans eru ekki skýr en sýnileg uppsöfnun mannvistarleifa er 0,5-1 m á hæð.

Heimildir: Túnakort 1918; SJM II, 417

NM-223:002 *Hoftóft* tóft óþekkt 741852 568167


Friðlýstar minjar eru í landi Hofstrandar en þar er meint hoftóft og er hennar getið í ýmsum heimildum. Rannsókn hefur ekki farið fram á henni með uppgreftri en útlit hennar bendir frekar til þess að hún hafi gegnt hlutverki útihúss en heiðins hofs þó að ekki sé hægt að fullyrða nokkuð um það án frekari rannsókna. Í Frásögum um fornaldarleifar frá 1848 segir: "Bær einn er sá í Borgarfirði er Hofströnd heitir, stendur hann á sjárbakka sunnanmegin við fjarðarbotninn, hátt klettafell er þar upp af bænum, sem nefnt er Svartafell, það er mál manna, að þar hafi verið goðahof í heiðni, og að klukka úr hofinu hafi verið lögð til Disjarmýrar kyrkju."

I Þjóðsögum Jóns Árnasonar segir: "Hofströnd (bær) kvað draga nafn af hofi sem þar hafi staðið og er enn vísað til tóftarinnar. Þar sýnist og hafa staðið hús í fornöld, ferhyrnt, hér um fjórir faðmar á hæð og dyr móti útnorðri. Eins þykir mér líklegt að hér hafi verið fjárborg, þó aðrar menjar þeirra sem hér sjást séu allar kringlóttar. Þessi ferhyrnda er mörgum öldum eldri og eru ei nema bungur á grundinni sem marka veggjastæðin." Í útgáfunni Íslenskir sögustaðir eftir Kaalund segir einungis: "Hjá bænum Hofströnd er talið að séu leifar af hoftóft." Í frumheimildinni segir hins vegar í neðanmálgrein: "På gården Hovstrand (Hofströnd) vil man påvise tomtelævninger af et hov. Ved mundingens af åen, der i gamle dage skal være benyttet som havn, ligesom også i den försævnte lille holm, vil man påvise lævnninger af købmandsboder og skibsskure. 1)" "Se herom Antikv. Tidsskr. 1846-48, s.168. Hovet (og dets klokke(!) - senere kirkeklokke-) omtales også i en indberetning til det kgl. nord. Oldskriftselskab fra Ási Fellum (1848), hvor tillige navnet Desjarmýri forklares - af nogle dysser ved Hovstrand, minderne om en kamp mellem hedninger og kristne i anledning af kristendommens indførelse.½." Sigfús Sigfússon fjallar um hoftóftina í greininni Goðkennd örnefni eystra sem birtist í Árbók Hins íslenzka fornleifafélags 1932: "Goðaborgir heita og klettastapar tveir uppi á fjallshnúk, háum og einkennilegum, ofar frá Hofsströnd í Borgarfirði eystra. Fjallið heitir

Svartafell, og er klofið að ofan með gjá. Annar stapinn er nokkru hærri og eigi hættulaust að klifra hann upp. - Hof Borgfirðinga stóð þar niður frá í túninu, utan við Hofsstrandarbæina. Er þar tóft mikil, ferhyrnd, sem sögð er hofstóftin, þótt hún líkist varla hofstóft að lögum."

Í friðlýsingarskrá er hoftóftin friðlýst sem: "Forn tóft að sögn, nálægt bænum, 12 metrar á hvorn veg að stærð." Meint hoftóft er um 100 m norðan við bæinn á Hofströnd 001 og norðaustan við læk sem afmarkar gamla heimatúnið til norðausturs. Þar er tóftin aðþrengd vegna vegaframkvæmda en gamli vegurinn að bænum er fast austan við hana og yngri vegur með bundnu slitlagi (Hafnarvegur 9498) er um 15 m norðaustan við hana. Á þessum stað eru skráðar tvær minjaeiningar; annars vegar meint hoftóft og hins vegar þúst við hana.

Þýft og grasi vaxið er á svæðinu sem tóftin er á. Deiglent er neðan við tóftina en grunnvatnsstaðan gæti hafa breyst eftir að Hafnarvegur norðvestan við tóftina var lagður. Talsvert miklar ójöfnur eru í kringum tóftina, einkum til norðvesturs og suðvesturs. Ekki er ljóst hvernig þær hafa myndast en ekki er útilokað að þær hafi myndast við torfskurð. Á tóftinni vex gras, elfting, skriðsóley og einstaka túnfífill.



Friðlýst meint hoftóft NM-223:002, horft til suðurs á ljósmynd.

Tóftin hefur áður verið mæld upp af Minjastofnun Íslands og er sú skráning og uppmæling aðgengileg á minjavefsjá stofnunarinnar. Túlkun skráningarmanns á minjunum er ekki nákvæmlega sú sama og uppmæling MÍ sýnir. Um nokkuð fornlegar minjar er að ræða en þær virðast ekki frá elstu tíð. Þær skiptast í tvær tóftir og einn garð sem myndar gerði með tóftunum og ná yfir svæði sem er um 25x20 m að stærð og snýr NNA-SSV. Líklegt verður að teljast að þessi mannvirki hafi öll verið sambyggð og eru skráð sem ein minjaeining en þó er ekki víst að þau séu öll frá sama tíma. Í suðausturhorni minjasvæðisins er tóft 1. Hún er einföld, er 9x7 m að stærð og snýr austur-vestur. Op er á henni í austurenda en þar virðist hún lítillega röskuð vegna vegagerðar. Veggir í tóftinni eru signir og gengnir í þúfur. Hæstir eru þeir um 0,4 m. Fast vestan við tóft 1 er önnur tóft 2 sem virðist vera tvískipt. Ekki er að sjá að þessar tvær tóftir séu sambyggðar þó að þær séu þétt saman. Tóft 2 er 12x10 m að stærð og snýr nálega austur-vestur. Nokkuð stórt hólf er í austurhluta hennar sem er 5,5x3 m að innanmáli og snýr norður-suður. Op er á því til norðurs, inn í gerðið, en norðurveggur er siginn og ógreinilegur. Úr þessu hólfi er samansigið op til vesturs inn í lítið hólf sem er í vesturenda tóftar og stendur hærra en hólfid í austurhlutanum. Litla hólfid er mjög samansigið og óljóst en er tæplega 2x1 m að innanmáli og snýr austur-vestur. Veggurinn sem skilur hólfin tvö að er ógreinilegur. Mesta hæð vegga í tóft 2 er 0,4 m. Garður 3 sem myndar lokað gerði með tóftum 1-2 virðist sambyggður tóft 2. Þó er hann afgerandi mjór næst tóftinni (3 m á breidd) og er þar skarð inn í hann austanverðan. Garðurinn er 2-4,5 m á breidd og hæstur er hann 0,5 m utanmáls. Hann afmarkar svæði sem er 16x20 m að stærð en innanmál gerðisins sem hann myndar með tóftum 1-2 er um 12x12 m að stærð. Afgerandi rof eða op er í norðvesturhorni garðsins. Garðurinn er mjög siginn og genginn í þúfur á austurhlíð þar sem hann kann að vera raskaður vegna vegagerðar. Í skráningu MÍ voru


mældar upp þrjár þústir utan við minjarnar en hér er aðeins ein þeirra skráð, sú sem er vestan við þær og virðist helst geta verið manngerð. Þústin (fær auðkennisnúmerið 4) er 9 m á lengd og 5 m á breidd í SSV-endá en mjókkar og lækkar til NNA þar sem hún er 2,5 m á breidd. Hún er hæst um 0,5 m að VNV-verðu. Ójöfnur og þústir eru bæði vestan og sunnan við friðlýstu minjarnar og ekki augljóst hvort að þær hafi myndast af náttúrulegum orsökum eða af mannavöldum. Mögulega hafa þær myndast vegna rofs en einnig getur verið að þarna hafi verið torfrista eða efnistaka af einhverju tagi sem getur skyrt ójöfnurnar á svæðinu. Meint hoftóft virðist ekki vera frá elstu tið en aldur hennar er ekki bekktur og heldur ekki hlutverk hennar. Minjarnar eru skráðar sem útihús og rétt á minjavefsjá MÍ. Ýmis önnur hlutverk koma til greina, líklegt er að um einhvers konar útihús sé að ræða en ekki er hægt að útiloka að þarna hafi verið tímabundin búseta.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

Heimildir: FF, 646; ÞJÁ IV, 123; . Kaalund: Ísl.sögust, IV, 13; Kálund II 1879-82: 210) Nmrg. 1; SS: "Goðkennd örnefni eystra" Árbók 1932, 185-186; ÁG: Skrá um friðlýstar fornleifar, 57; <https://www.map.is/minjastofnun/>

NM-223:014 tóftir heystæði

741873 568829



Tvær tóftir eru syðst í mýrlendi um 100 m norðvestan við Svarðarmel 011 og 740 m norðan við bæ 001. Það hallar skarpt undan þeim til suðurs þar sem gróður verður rýrari. Lítill jarðvegur er í brekkunni sunnan við tóftirnar. Til austurs og norðausturs eru allmiklir skurðir og gömul mýrartún. Líklegt er að tóftirnar séu leifar af heystæðum en einnig kemur til greina að mór hafi verið geymdur í þeim. Tvær minjaeininger eru skráðar undir þessari minjaheild.

Smáþýft og grasi gróið er í kringum tóftirnar en þó er stórpýfðara næst þeim til suðurs. Dálitið vex af túnfíflum á tóftunum og næst þeim.

Tóftirnar eru á svæði sem er 13x6 m að stærð og snýr austur-vestur. Þær virðast báðar hlaðnar úr torfi. Tóft 1 er austast á svæðinu. Hún er lítillega sigin og ekki eins skýr og tóft 2 sem er litlu vestar. Tóft 1 er 5x4 m að stærð og snýr austur-vestur. Innanmál hennar er ekki mjög greinilegt og sérstaklega er það ógreinilegt í vesturenda. Ef það hefur verið op á tófinni hefur það að líkindum verið í vesturendanum. Veggir tóftarinnar eru um 0,5 m á hæð utanmáls. Tóft 2 er um 4x3 m að stærð og snýr austur-vestur, eins og tóft 1. Lögun hennar er nokkuð skýr en þýft er inni í henni þar sem hrunið hefur úr veggjum. Mögulegt op er í norðvesturhorni tóftarinnar. Veggir hennar eru 0,3-0,6 m á hæð, hæstir á suðurhlíð þar sem skorið hefur verið torf meðfram henni. Víðar er pæla í kringum tóftirnar.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

NM-223:015 gata leið

741761 569175



Loftmynd frá Loftmyndum ehf. þar sem götur á leið NM-223:015 sjást.

Miklar götur eru neðan núverandi végar (Hafnarvegar 9498) og norðan við sjónvarpssendi norðarlega í landi Hofstrandar. Ekki er ljóst á hvaða leið þessar götur eru en líklegt verður að teljast að þær tengist götum á leið NM-224:050 sem liggja í átt að Hafnarvík í Hellisfjöru og hafa að líkindum einnig legið heim að bæ á Höfn NM-224:001.

Göturnar sjást í grónum móa en til norðurs hverfa þær í upplásinn mel og til suðurs hverfa þær undir veg. Göturnar eru á svæði sem er um 30 m á breidd og á því sjást a.m.k. 25 götur. Leiðinni er hægt að fylgja þarna á 125

m löngum kafla þar sem hún liggur í sveig af núverandi veki frá austri til SSV þar sem hún endar í rofi 70 m norðan við sjónvarpssendi. Leiðin var aðeins skráð á stuttum kafla en leifar af henni kunna að sjást víðar þó að vegagerð hafi raskað henni mikið.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

NM-223:016 heimild um leið

741821 568078

Á túnakorti frá 1918 er teiknaður végur sem liggur til vesturs frá bæ 001 út úr túninu. Frá norðvesturhorni bæjarins lá svo stígr til sveig til norðurs. Eldri útgáfa af Hafnarvegi er þar sem végur og stígr á túnakorti lágu og hefur hann raskað minjum um eldri leið og samgöngubætur. Gamla leiðin lá úr vestri upp aflíðandi halla í túni, að bænum og áfram til norðurs þar sem er nokkuð flatlent. Talsvert rask hefur orðið á svæðinu vegna vegagerðar og húsbygginga.

Engin ummerki um gömlu leiðina eða vegginn sem sýndur er á túnakorti sjást lengur vegna vegagerðar.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Túnakort 1918

NM-224 Höfn

12 hdr. 1695, 1847. Jarðarinnar er getið í Fljótsdælasögu IF XI, 215. 1397: Er getið í máldaga Vallaness. "Jtem skipade sira Oddur kirkiunni j Wallenesi til eignar jord j Hofn i Borgarfirde." DI IV, 206-207 Vallaneskirkjueign. "Landamörk við Hofströnd eru við Laxá, dávænan læk röskan 1 km. inn af bæ. Önnur mörk eru um Brúnavík um fjallseggjar frá Gránípu (441 m) rétt utan við Geitfell um Búrfell (451 m), Grenjahnaus (413 m) og Stekkhavmmsfell (448 m). Norður af síðastnefnda fellinu er Hafnarþúfa (374 m), grasivxin að suðvestanverðu, en norðan og norðaustan er 300-350 m hátt strandberg niður í Hellrafjöru. Mörkin liggja niður Almenningsraðið austur af "þúfunni" og á miðja Almenningsfles, flata, stóra flúð örskammt frá landi." SJM II, 419.

1918: Tún 4,0 ha. 1917: "Engjar víðs végur um fjall, jafnvel upp undir eggjar, víðáttumiklar, en sundurskornar af melum og grafningum, víðast þýfðar, mosamiklar og snöggar, slegnar á mis." SJM II, 421.

NM-224:004 Hafnarvík heimild um lendingu

742094 570124

"... en annars dregur hún [jörðin] nafn af lendingu í Hellisfjöru fram og niður af bænum. Þar

var einna skást lending í firðinum í ófullkomnu vari af hólmanum," segir í Sveitum og jörðum. Í Ferðabók Ólafs Olaviusar segir: "Sagt er að þjóðir, einkum Hamborgarar og Englendingar, hafi fyrrum lagzt á litla vík skammt fyrir innan bæinn Höfn, en henni er skýlt af hólma eða eyju, og er mjótt sund milli hans og lands. Sagt er að þeir hafi lagt skipum sínum á sund þetta, en það snýr mynninu milli NA- og A-áttu, og ná oldur úr þeim áttum óhultar inn á það. Inn í miðjan hólmann að suðvestanverðu skerst líttill vogur; þar er lent, þegar farið er í hólmann [sjá 024], og halda menn, að skipin hafi legið fram undan honum, og voru tvær landfestar bundnar upp í hólmann, þriðja festin lá til lands til varnar gegn SSA-átt en hin fjórða var akkerisfesti og tryggði hún skipið fyrir NV-átt. Varla getur hjá því farið, að undiralda berist inn á vík þessa, þegar vindur stendur af hafi, en Hafnarhólminn dregur þó mjög úr afli hennar. Ég hygg því, að Hafnarvík sé tryggasta skipalægið á Borgarfirði að



Hellisfjara í Hafnarvík NM-224:004, horft til ANA.

sumarlagi [...]. Ég fékk ekki mælt dýpið á Hafnarvík [...] en prestur einn gamall sagði mér, að þar væri 4-5 faðma dýpi. Höfnin er ekki stærri en svo, að tvö skip geta legið þar í einu." Ólafur nefnir ekki að það hafi verið lent í sjálfrí víkinni. Hellisfjara er um 700 m suðvestan við bæ 001 og um 270 m suðvestan við rétt 042.

Hún er malarfjara norðan undir allháum og bröttum bakka. Klappir ganga út í sjó austast og vestast í fjörunni og klappir eru í bakkanum vestanvert í víkinni. Ílangur skúti er undir þessum klöppum allra vestast þar sem þær lækka hratt.

Engin sýnileg mannvirki eru í Hellisfjöru og hefur eflaust verið hægt að lenda víða í henni. Vestan við miðja vík er sandur í botni og minna um möl.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

Heimildir: SJM II, 419; OO II, 172-173.

NM-224:010 Eiðanaust tóftir verbúð

742033 569933


"Í þriðja lagi minna enn örnefni og rústir á verstöðu Eiðamanna í H[öfn] á Bjargi, um 500 m fram og niður af bæ, eru greinileg merki um gamlar byggingar, og Bjargið, sem er hár sjávarbakki innan við Hellisfjöru, hét öðrum nöfnum Fiskabjarg og Eiðabjarg," segir í Sveitum og jörðum. Hér hefur eitthvað slegið saman örnefnum og er Bjargið utan við Hellisfjöru en Eiðaörnefni eru innan við Hellisfjöru og þar eru minjar upp af Eiðabási 011. Þetta er áréttad í athugasemdum og viðbótum við örnefnaskrá Hafnar segir: "Bjarg er 500 m fram (en ekki niður) af bæ. Bjargið er hár sjávarbakki utan [en ekki innan] við Hellisfjöru og eru greinilegar rústir um gamlar byggingar [líklega átt við eitthvað af minjum 042-049 sem eru á eða við Bjartgún]."

"Stuttu utar en Kolbeinsfjörutangi, sem áður er getið, er þróngur og stórgryttur bás, sem heitir Eiðabás [sjá 011], en Eiðanaust hef ég heyrt kallað tóftarbrot, þar uppi á bakkanum. Sagt er að Margrét ríka á Eiðum [fædd 1491-92] hafi haft uppsátur og útræði úr Eiðabás, og munu örnefni þau, er kennd eru við Eiða, tilkomin í sambandi við það," segir í örnefnalýsingu. Á bakkanum upp af Eiðabási 011 eru fimm tóftir og ein þúst, alls sex minjaeiningar sem skráðar eru undir þessu númeri.



Verbüðartóftir í verstöð Eiða á Fiskabjargi. Á vinstri mynd er tóft NM-224:010_5 og á hægri mynd er tóft NM-224:010_6, horft til vesturs á báðum myndum.

Á minjasvæðinu er gróinn og þýfður mói innan um lága klapparhóla í aflíðandi halla til vesturs. Gróðurfar einkennist af elftingu og túnfíflum. Víða eru ummerki um torfskurð, skýrir kantar og niðurgröftur. Sami gróður er á tóftum og almennt á svæðinu nema annað sé tekið fram í lýsingu. Minjarnar eru á svæði sem er um 70x25 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Lýsingin hefst á tóft 1 sem er á miðju svæðinu, beint upp af Eiðabási. Hún er frammi á sjávarbakka og brotnar af henni. Mögulega er það tóftin sem nefnd er Eiðanaust í tilvísun hér að ofan. Últit hennar ber ekki með sér að um naust sé að ræða en hafa ber í huga að brotnað hefur af tóftinni og hún aflagast. Tóftin er 8,5x4,5 m að stærð og snýr nálega austur-vestur. Suðurhlið og suðvesturhorn er horfið vegna landbrots. Grjót úr hleðslum sést í rofi neðan við tóftina í brattri brekku niður að Eiðabási. Djúp gata liggar meðfram henni að austanverðu frá bakknum og til norðurs yfir rústahól sem tóft 5 stendur á. Einnig hefur torfskurður norðan við hana líklega valdið því að tota sem gengur út til norðaustursnvirðist vera hluti af tóftinni en er það líklega ekki. Veggir eru signir og breiðir. Hæstir eru þeir um 0,5 m. Ekki sést grjót í veggjum nema í rofi á suðurhlið. Stórbýfi er fast austan við tóft 1 og grösugt. Sunnarlega í því miðju er þúst 2.



Hún líkist stórra þúfu en þar er líklega eitthvað manngert undir sverði og svo gæti verið víðar í þýfinu. Þústin er um 2,5 m í þvermál og er um 0,3 m á hæð. Götur liggja frá sjávarbakkanum yfir þýfið og þústina og afbaka hana. Göturnar sem nefndar hafa verið og liggja yfir minjasvæðið gætu tengst leið 050 sem skráð er litlu austar en götur sem henni tilheyra dreifast um breitt svæði. Einnig getur verið um fjárgötur að ræða en þær enda mjög snögglega frammi á háum og bröttum sjávarbakka til suðurs. Tóft 3 er upp af norðvesturhorni Eiðabáss, um 12 m vestan við tóft 1, og er að brotna af henni í suðurhorni. Hún er einföld, gróin og sigin. Tóftin er 5x4 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Ekki sést grjót í hleðslum. Op er á henni í suðvesturenda og veggir hennar eru 0,2-0,3 m á hæð. Fast suðvestan við tóft 3 er allbreiður hryggur sem gæti verið manngerður en líklegra er að hann sé náttúrulegur. Lítil tóft 4 er á tanga sem afmarkar Eiðabás að vestan og er 16 m suðvestan við tóft 3. Hún gæti mögulega verið náttúrumyndun. Meint tóft er 4,5x3,5 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Hún er í halla til norðvesturs. Veggir hennar eru ójafnir og ekki er eins mikill grasgróður á henni og hinum minjunum á svæðinu. Innanmál tóftar 4 er óreglulegt. Mögulega er op í norðvesturenda en veggir í þeim hluta eru mjög ógreinilegir sem og á suðurhlíð. Mesta hleðsluhæð er 0,2 m. Litlu sunnan við tóftina er lítil hundarþúfa. Um 6 m norðan við tóft 1 er tóft 5 sem er á rústahól. Rústahóllinn er 0,5-1 m á hæð, hæstur vestast. Hann er 10,5x9 m að stærð og snýr austur-vestur. Tóftin sjálf er einföld, 5x4,5 m að stærð og snýr norður-suður. Ekki er útilokað að annað hólf í tóftinni hafi verið vestan við hana, uppi á rústahólnum, en þar liggur fyrnefnd gata sem hefur aflagað hólinn að ofan. Veggir tóftar eru farnir að síga en eru 0,4-0,5 m á hæð. Op er vestarlega á suðurhlíð eða í suðvesturhorni. Stór þúfa (líklega hrún) er innan við opip. Ekki sést í grjót í veggjum. Að lokum er tóft 6 um 10 m austan við tóft 5. Hún er einföld og er 7,5x6 m að stærð og snýr NNV-SSA. Fast norðan við hana er gróinn klapparhóll, flatur að ofan. Op er á tóftinni, sunnarlega á vesturvegg. Rof er í austurvegg á móts við opip en það hefur gróið aftur. Veggir eru annarsstaðar allbreiðir og 0,5-0,8 m á hæð, hæstir vestast. Tóftir 5 og 6 eru að öllum líkindum verbúðartóftir. Óvist hvert hlutverk annarra tófta hefur verið.

Hættumat: stórhætta, vegna landbrots

Heimildir: SJM II, 420; Ö-Höfn, aths. og viðb., 2; Ö-Höfn, 9-10

NM-224:011 Eiðabás heimild um lendingu



Eiðabás NM-224:011, horft til vesturs.

742029 569909

"Eiðabás er lendingarstaður í fjöru og Eiðabrekka ofan við Bjargið," segir í Sveitum og jörðum. Eiðabás er grunn og grýtt fjara milli þverhnýptra sjávarkletta. Upp úr honum til norðurs er brött, sendin og grýtt brekka sem er gróin efst. Fjaran er malarfjara með grjóti og sandi. Lág klöpp er í henni vestarlega og líklegt að lagt hafi verið við hana en þó er nokkuð um stórgrýti þar í flæðarmálinu og kemur einnig til greina að lent hafi verið vestan við hana.

Gott skjól er í þessari vík fyrir norðan- og norðvestanáttum.

Engin mannaverk sjást í víkinni. Hátt og

bratt er upp á bakkann til að fara með afla og bát í naust.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

Heimildir: SJM II, 420

NM-224:025 *Færeyingavogur* heimild um lendingu 742133 570275

"Í klöppunum norðan við Hellisfjöru er djúpur, en mjór vogur, sem heitir Færeyingavogur. Þar settu Færeyingar upp fisk og bundu báta sína á meðan þeirra útgerð stóð í Höfn," segir í örnefnalýsingu. Þar sem Færeyingavogur var hefur orðið mikið rask vegna hafnarframkvæmda og má segja að vogurinn sé horfinn og öll mannvirki sem þar kunna að hafa verið í tengslum við útgerð Færeyinga. Hann var að líkindum 170-200 m NNA við Hellisfjöru og 600 m suðvestan við bæ 001.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Höfn, 10

NM-224:026 *Eldhúsbás* örnefni

"Í klöppunum norðan við Hellisfjöru er djúpur, en mjór vogur, sem heitir Færeyingavogur [sjá 025]. Þar settu Færeyingar upp fisk og bundu báta sína á meðan þeirra útgerð stór í Höfn. Frá Færeyingavog liggur leiðin um urðarfjöru, sem heitir Eldhúsbás ...," segir í örnefnalýsingu. Ekki er ljóst hvar Eldhúsbás var eða af hverju hann dregur nafn sitt. Líklegt verður að teljast að hann hafi verið utan við Færeyingavog þar sem mikil hafnarmannvirki eru. Ekki er útilokað að hleðslur 046 uppi á sjávarbakkanum utan við Færeyingavog 025 tengist þessu örnefni.

Heimildir: Ö-Höfn, 10

NM-224:027 *Eyri* heimild um lendingu

"Úr Eldhúsbás [026] liggur leiðin um stórgrytta urð og út á malarfjöru, sem heitir Eyri, og er þar þrautalending í úfnum sjó," segir í örnefnalýsingu. Annarsstaðar í sömu lýsingu segir: "Nokkur fjara er sunnan við Krosshöfða og heitir hún Eyri ..." Í vitnisburðarbréfi frá 1537 segir að Njarðvíkurkirkja eigi skipsstöðu á Eyri. Ekki er ljóst hvar nákvæm staðsetning Eyrar eða lendingar þar var. Líklegt verður að teljast að hún hafi verið utan við Færeyingavog og Eldhúsbás þar sem mikil hafnarmannvirki eru. Þar er allt mjög breytt vegna hafnargerðarinnar og eru allar fornminjar horfnar sem þar kunna að hafa verið.

Heimildir: Ö-Höfn, 10, 16; DI X, 104

NM-224:041 *Tófaskáli/Rúnuskáli* heimild verbúð

1537 er vitnisburðarbréf um að Njarðvíkurkirkja eigi hólma sem liggur fyrir landi Hafnar, skipsstöðu á Eyri (sjá 027) og Tófaskála, er sumir nefna Rúnuskála. Í málðaga Njarðvíkurkirkju NM-209:002 frá 1397 segir: "holmr fylger haenni sa sær liggr a borgarfyrdi oc torfuo skalæ oc þar med skipwist." Í málðaganum er Tófaskáli nefndur Torfuskáli. Ekki vitað hvar Tófaskáli/Rúnuskáli var/er en sumarhús sem heitir "Í Runu" er sunnan við Hellisfjöru og Hafnarvík 004 og gæti tengst Rúnuskála. Þar eru skráðar tvær tóftir sjá, 047 og 048, og gæti því önnur þeirra verið þessi skáli sem nefndur er í vitnisburðarbréfi í fornbréfasafninu.


Heimildir: DI X, 104; DI IV, 222

NM-224:042 tóft rétt 742243 570343

Stór grjót- og torflaðin réttartóft er í norðvesturjaðri Bjartgúns um 440 m suðvestan við bæ 001 og 50 m vestan við Englendingaleiði 009. Að sögn Jóns Þórðarsonar, heimildamanns, var réttin hlaðin árið 1963 á milli tveggja kofa, sjá 043 og 044. Hún er því ekki nógu gömul til að teljast til fornminja en var skráð engu að síður þar sem hún er til vitnis um forna byggingar- og búskaparhætti. Sléttan tún er suðaustan við hana, nýlegur göngustígur er norðvestan við og spennustöð frá Rarik er fast suðvestan við réttina.

Tóftin er uppi á sjávarbakka, tiltölulega flötum en þó í mjög aflíðandi halla til norðvesturs. Smáþýft og grösugt er í kringum tóftina en jarðrask vegna framkvæmda á hafnarsvæðinu nær alveg upp að norðausturhorni réttarinnar.

Tóftin er 12x14 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Eins og fram hefur komið er réttin



Rétt NM-224:042, horft til suðurs á ljósmynd. Á uppmælingu sést afstaða réttar NM-224:042, fjárhústóftar NM-224:043 og hvar útihús NM-224:045 var en engin ummerki sjást lengur um það.

hlaðin úr torfi og grjóti. Suðvesturveggur tóftarinnar og rúmlega helmingur af suðausturvegg standa enn vel. Þeir eru 1 m á hæð innanmáls og þar sjást 3-4 umför hleðslu. Veggirnir eru 0,7 m á breidd og utanmáls eru þeir 0,8 m á hæð. Aðeins sést lágur kantur í framhaldi af suðausturvegg til norðausturs sem er 0,3-0,4 m á hæð innanmáls. Þar sést ekki ytri brún veggjar. Norðaustur- og norðvesturveggir eru signir og gengnir í þúfur. Hæstir eru þeir 0,5 m utanmáls. Jarðvegur hefur verið grafinn út úr norðausturhluta tóftarinnar og er þar hálfgróið yfir.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

NM-224:043 tóft fjárhús



Fjárhústóft NM-224:043, horft til norðvesturs.

742260 570352

Lítil tóft er við norðvesturjaðar Bjarttúns fast norðaustan við austurhorn á rétt 042 frammi á sjávarbakka og 420 m suðvestan við bæ. Vera má að búið sé að brjóta af sjávarbakkanum á þessu svæði vegna hafnarframkvæmda við Hafnarhólma og að tóftin hafi verið innar á Bjarginu. Í örnefnaskrá Hafnar sem er frá 1957 er getið um tvö fjárhús sem áður voru sauðahús á Bjarttúni. Ekki er ólíklegt að sú tóft sem hér er skráð hafi verið annað þeirra og hitt hafi verið þar sem frásögn er um aðra tóft 045 við vesturhorn á rétt 042. Bjarttún er sunnan og austan við tóftina og er það sléttan og fremur flatlent. Rask

hefur orðið við norðvesturenda tóftar vegna nýlegra framkvæmda við höfnina.


Tóftin er einföld og gróin. Hún er 6x4 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Tóftin virðist grjót- og torfhlaðin en hvergi sést í grjót í veggjum og getur verið að hún sé eingöngu torfhlaðin. Op er á henni í suðausturenda. Norðausturveggur er litlu lengri en suðvesturveggur og kann það að stafa af túnræktun sem hefur tekið af suðvesturveggnum. Veggir eru rúmur 1 m á breidd og 0,3 m á hæð.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Ö-Höfn, 14

NM-224:044 þúst óþekkt

742242 570315



Púst NM-224:044, horft til suðurs á ljósmynd.

Útflött tóft er í Bjartgúni um 17 m suðvestan við rétt 042 og 470 m suðvestan við bæ 001. Neðan og norðvestan við þústina og túnið er nýlegur göngustígur frammi á sjávarbakka sem liggur frá bílastæði og niður á hafnarsvæðið á leið út í Hafnarhólma. Ekki er vitað hvaða mannvirki stóð á þessum stað en ekki er útilokað að það hafi verið annað af tveimur fjárhúsum sem sagt er að standi í Bjartgúni í örnefnalýsingu Hafnar frá 1957, sjá einnig 043 og 045.

Túnið er slétt og flatlent en í mjög aflíðandi halla til norðvesturs.

Þar sem tóftin var sést örlítil hólmyndun í túninu og í henni er sporöskjulaga dæld. Höllinn eða þústin er 0,1-0,2 m á hæð, 12,5x10,5 m að stærð og snýr nálega norður-suður. Dældin sem er ofan í þústina er 6,5x5 m að innanmáli og 0,1-0,2 m á dýpt.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Ö-Höfn, 14

NM-224:045 frásögn útihús

742239 570342

Jón Þórðarson, heimildamaður, greindi frá því að útihúskofi hafi verið við vesturhornið á rétt 042 áður en hún var byggð en sá kofi er nú horfinn. Í örnefnaskrá Hafnar sem er frá 1957 er getið um tvö fjárhús sem áður voru sauðahús á Bjartgúni. Ekki er ólíklegt að sú tóft sem hér er skráð hafi verið annað þeirra og hitt hafi verið þar tóft 043 er skráð. Útihúsið var næri sjávarbakka, um 18 m norðan við þúst 044 og 460 m suðvestan við bæ 001. Spennustöð RARIK er fast suðaustan við staðinn þar sem tóftin var.

Smáþýft er vestan við réttina þar sem útihúsið var og þar er stórt bjarg sem lyft var upp þegar nýlegur göngustígur var gerður frá bílastæði að hafnarsvæði á leið út í Hafnarhólma.

Engin ummerki um útihúsið sjást á yfirborði. Ætla má að minjar um það hafi horfið í tengslum við byggingu réttar 042, túnasléttun eða framkvæmdum við spennustöðina.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Ö-Höfn, 14

NM-224:046 hleðsla óþekkt

742195 570314

Frammi á sjávarbakka, á milli Færeyingavogs (sjá 025) og Karlsfjöru eru þrjú brotakennnd mannvirki eða hleðslur sem hefur mikið verið raskað af eldri hafnarframkvæmdum við Hafnarhólma en einnig vegna framkvæmda við nýlegan göngustíg sem liggur frá bílastæði uppi á sjávarbakkanum, niður á hafnarsvæðið á leið út í Hafnarhólma. Talsvert hefur verið sprengt eða brotið af bergeninu á sjávarbakkanum við hafnargerðina og hefur hann áður náð lengra út til norðvesturs. Óvist er hvernig eða hvort þessi mannvirki tengjast og enn fremur er á huldu hvaða


hlutverkum þau hafa gegnt. Ekki er útilokað að þau hafi tengst útgerð Færeyinga í Færeyingavogi 025 eða örnefninu Eldhúsbási 026 sem var á þessu svæði. Þjár minjaeiningar eru skráðar undir þessu númeri.



Á vinstri mynd er hleðsla NM-224:046_1, horft til NNA. Á hægri mynd er þúst NM-224:046_3 í forgrunni en fjær er hleðsla NM-224:046_2, horft til norðausturs.

Utan við Bjargtún og fram á sjávarbakka er fremur flatlent og grasi vaxið svæði. Á því hefur talsvert rask hlotist vegna framkvæmda við göngustíg sem liggur nú frá bílastæði uppi á bakkanum og niður á hafnarsvæðið á leið út í Hafnarhólma.

Mannvirkin eru á svæði sem er um 20x10 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Lýsingin hefst á hleðslu 1 sem er suðvestast á svæðinu og er stærst. Hún er ofan á klöpp frammi á brún sjávarbakka. Þetta mannvirki er grjóthlaðið og gróið, er 11x5 m að stærð og snýr nálega norðursuður. Það virðist ekki hærra en 0,4-0,5 m. Hleðslan er mikið röskuð að vestan- og sunnanverðu



Uppmælingar til vinstri sýna afstöðu minjanna. Á ljósmynd til hægri er horft til suðvesturs yfir minjasvæðið. Á henni sést vel þústin sem er frammi á klettabrún en í henni gætu leynst mannvistarleifar.


vegna framkvæmda í tengslum við höfnina og er ekki gott að segja til um það hversu stórt það hefur verið eða hvaða hlutverki það hefur gegnt. Á vesturhlíð hleðslunnar sést í grjót en ekki fjöldi umfara. Syðst í hleðslu 1 hefur nýlega verið grafin lítil hola eins og ein gröfuskófla (lítil). Í henni sést aðeins grúsblönduð mold. Nokkuð afgerandi hæðarbunga er frammi á bjargbrún fast norðaustan við mannvirkni 1. Hún er um 10x5 m að stærð og 0,5 m á hæð, mjókkar til norðausturs. Í rofsniði í henni mótt norðvestri sést grjót og grúsblönduð mold. Ekki er útilokað

að í þessari hæðarbungu leynist mannvistarleifar en hún er ekki skráð sérstaklega. Grjóthleðsla 2 er 4 m norðaustan við mannvirki 1. Um siginn vegg eða hleðslu er að ræða sem hefur verið raskað. Hleðslan er 0,2-0,3 m á hæð, um 2x6 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Mögulega sést móta fyrir innanmáli hólfs í suðvesturhluta hennar þar sem hún lækkar og mjókkar. Stór steinn er í vesturhorni hleðslunnar en hún er gróin að mestu. Nýlegur göngustígur hefur raskað þessu mannvirki að talsverðu leyti. Þúst 3 er á milli hleðslu 1 og hleðslu 2. Hún er vaxin grasi og einnig vex lyng á henni. Hún er 4,5x2,2 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Hleðslan er tiltölulega flöt að ofan og er 0,2-0,3 m á hæð, hæst norðvestast þar sem grjót sést í henni. Þústin gæti tengst hleðslu 2 en þau tengsl eru ekki greinanleg. Hún gengur undir nýlegan göngustíg sem hefur raskað henni.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

NM-224:047 tóft óþekkt

742035 570084



Sigin og gróin tóft er rétt utan lóðar sumarhúss sem nefnist "Í Runu" sunnan og ofan við Hellisfjöru í Hafnarvík 004. Tóftin er um 16 m norðan við tóft 048 og 780 m suðvestan við bæ 001. Hlutverk tóftarinnar er ekki þekkt en mögulega tengist hún útgerð frá Hafnarvík. Nafn sumarhússins "Í Runu" bendir til þess að það hafi verið í grennd við Tófaskála/Rúnuskála 041. Staðsetning þess mannvirkis er ekki þekkt en ekki er hægt að útiloka að sú tóft sem hér er skráð sé af Tófaskála/Rúnuskála.

Tóftin er í smáþýfðum mói sem litlir klapparhólar standa upp úr og er einn slíkur hóll er fast sunnan við tóftina. Tóftin er vaxin grasi og klóelftingu.



Tóftin er einföld, er 7,5x7 mað stærð og snýr norður-suður. Ekki sést grjót í veggjum tóftarinnar sem er talsvert signin og tekin að ganga í þúfur. Ekki er sýnilegur veggur á austurhlíð hennar. Girðing sem afmarkar lóð sumarhússins "Í Runu" liggar yfir austurenda langveggja tóftarinnar og hefur raskað þeim lítillega. Norður-langveggur er nokkuð hærri og breiðari en suður- og vesturveggir sem kann að vera vegna þess að hann er hlaðinn á eða utan í klapparhól. Í miðjum norður-langvegg er afgerandi skarð, mögulega op eða rof. Veggir eru 0,5 m á hæð en 0,6-0,7 m á hæð á norðurhlíð.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

NM-224:048 tóft óþekkt

742034 570061

Einföld skýr tóft er á litlum rústahól innan lóðar sumarhússins "Í Runu" sunnan við Hellisfjöru í Hafnarvík 004. Tóftin er um 16 m sunnan við tóft 047 og 800 m suðvestan við bæ 001. Austan við hana er talsvert rask í kringum sumarhúsið en umhverfið virðist óraskað næst henni.



Hlutverk tóftarinnar er ekki þekkt en mögulega tengist hún útgerð frá Hafnarvík. Nafn sumarhússins "Í Runu" bendir til þess að það hafi verið í grennd við Tófaskála/Rúnuskála 041. Staðsetning þess mannvirkis er ekki þekkt en ekki er hægt að útiloka að sú tóft sem hér er skráð sé af Tófaskála/Rúnuskála.



Tóftin er á fremur flatlendum smáþýfðum móa í aflíðandi halla til vesturs. Þar vex gras og klóefltинг eins og á tóftinni.

Rústahóllinn er 9 m í þvermál og 0,5 m á hæð. Tóftin ofan á henni er einföld og innanmál greinilegt. Hún er 5,5x4,5 m að stærð og snýr norður-suður. Op er á henni í suðvesturhorni. Ekki sést í grjót í hleðslum og veggir eru 0,4-0,6 m á hæð. Norðurveggur tóftarinnar er mjög breiður eða yfir 2 m á breidd. Aðrir veggir eru 1-1,5 m á breidd.

Hættumat: hætta, vegna rasks

NM-224:049 þúst óþekkt

742220 570320



Norðvestast í Bjartgúni og suðaustan við nýlegan göngustíg að Hafnarhólma er lítt afgerandi lægð í manngerða þúst. Líklega er hér um að ræða leifar af útflattri tóft en hlutverk hennar er ekki þekkt. Norðvesturhluti þústarinnar er mjög raskaður vegna göngustígsins sem liggar yfir hana. Eldra gróið rask virðist vera suðvestan við þústina.

Bjartgún er sléttarð og fremur flatlent en í mjög aflíðandi halla til norðvesturs. Göngustígurinn

er niðurgrafinn þar sem hann liggur yfir þústina og myndast grunnt skarð milli klappar á bjargbrún og þessarar þústar í túnjaðrinum. Þústin virðist utan þess svæðis sem slegið er í túninu.

Þústin er 13,5x6,5 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Í henni mótar fyrir innanmáli hólfs sem er 0,1-0,2 m á dýpt og 6,5x2,5 m að stærð. Í rofsári meðfram göngustígnum sést hleðslugrjót norðaustast í þústinni og einnig virðist vera hleðslugrjót nærrí suðvesturenda hennar en þar er það mun óljósara.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

NM-224:050 gata leið

742087 569874



Á vinstri mynd er horft til suðausturs þar sem sést ein gata frammi á sjávarbakka á leið NM-224:050. Á hægri mynd er horft til norðurs þar sem fleiri götur sjást stefna í átt að Hafnarvík NM-224:004.

Fjöldi gatna sjást á kafla litlu utar en Laxá (Lagsá) á merkjum milli Hofstrandar og Hafnar. Þær eru neðan (vestan) við gamlan veg og núverandi veg inn að bænum Höfn og að hafnarsvæðinu við Hafnarhólma. Ætla má að þessar götur séu á leið á milli bæja, út að Höfn og Hafnarhólma og nágrennis þar sem útgerð og verslun var stunduð fyrr á oldum. Sá hluti leiðarinnar sem hér er skráður liggur nálega norður-suður og stefnir á Hafnarvík. Hann tengist að öllum líkindum leið NM-223:015 á Hofströnd.

Leiðin liggur um fremur flatlent mólendi með klöppum.

Leiðinni var fylgt á um 200 m löngum kafla og hefst lýsingin syðst þar sem hún liggur frammi á sjávarbakka á Kolbeinsfjörubakka. Þar er bara ein gata sýnileg en þegar norðar dregur og undirlendið verður meira, sjást fljótlega allt að 20 götur á 20-25 m breiðu svæði. Á syðsta hluta leiðarinnar sem skoðaður var er ein afgerandi djúp og breið gata sem er 0,3-0,4 m á dýpt og 0,3-0,6 m á breidd. Aðrar götur eru mjórri og grynnri. Mikið virðist hafa brotnað af bakkanum því veststu göturnar enda frammi á háum og snarbröttum sjávarbakka. Á miðri leiðinni hverfa göturnar á stuttum kafla þar sem rof hefur orðið vegna vatnsrennslis. Norðan við rofið er ójafnara mólendi með klöppum og þar sjást ekki eins margar götur. Ekki var hægt að fylgja leiðinni lengra til norðurs en að sumarhúsalóð sem er sunnan við Hafnarvík.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

5. Niðurstöður

Innan úttektarsvæða á hafnarsvæði og þar sem leggja á ljósleiðara voru skráðar 33 fornleifar og 45 minjaeiningar á fimm lögbýlum. Flestar minjanna sem voru skráðar eru skilgreindar í stórhættu vegna framkvæmda en í flestum tilvikum ætti að vera hægt að komast hjá því að raska þeim. Hér fyrir neðan verður fjallað sérstaklega um hvort verkefni fyrir sig og þær minjar sem eru innan áhrifasvæða þeirra.

Lóð hafnarsvæðis við Hafnarhólma

Svæðið sem tekið var út á lóð hafnarsvæðis við Hafnarhólma er 5 ha að stærð. Heildarstærð svæðisins er 7 ha en innan þess er 2 ha stór sumarhúsalóð þar sem heitir „Í Runu“ og var hún undanskilin við fornleifakönnun. Á þessu svæði voru skráðar 16 fornleifar en 23 minjaeiningar.

Ekki eru góðar náttúrulegar aðstæður fyrir höfn á Borgarfirði eystri. Við Hafnarhólma austast í firðinum er ágætt skjól og heimildir eru þar um útgerð og verslun fyrr á öldum. Hafnargerð hófst þar árið 1973 og hefur henni verið haldið áfram í áföngum allt fram til þessa. Þar er nú smábátaðöfn en einnig liggur þangað mikill straumur ferðafólks út í Hafnarhólmann til að skoða fjölskrúðugt fuglalíf. Brugðist hefur verið við þessari miklu aukningu ferðafólks með því að útbúa stórt bílastæði uppi á sjávarbakkanum, áður en komið er niður á hafnarsvæðið, en það var útbúið á eldra stæði sem notað hafði verið í tengslum við höfnina. Nýlegur göngustígur liggur frá bílastæðinu til norðurs að stiga niður í höfnina. Einnig er stórt aðstöðuhús við höfnina í byggingu en þar verður þjónusta við smábátaútgerðina og ferðamenn sem koma á svæðið í fuglaskoðun.

Sökum margvíslegra framkvæmda við höfnina og í nágrenni hennar hefur mikið rask orðið á sjávarbakkanum og svæðinu undir honum. Búið er að sprengja klappir, byggja hafnarmannvirki og leggja vegi. Nýjustu framkvæmdir á svæðinu (göngustígur og aðstöðuhús) eru að hluta uppi á sjávarbakkanum, í jaðri svokallaðs Bjartgúns, eða rétt utan við það.

Segja má að lóð hafnarinnar við Hafnarhólma skiptist í two hluta, annars végar *nordurhluta* þar sem smábátaðöfnin er vestan undir Bjartgúni og hins végars *sudurhluta* sem er sunnan við Hellisfjöru og neðan og vestan við Hafnarveg (9498). Á deiliskipulagsuppdrætti er gert ráð fyrir talsverðri stækkun á bílastæði og tveimur byggingareitum á Bjartgúni í norðurhluta hafnarlóðarinnar. Framkvæmdir eru þegar hafnar á þriðja byggingarreitnum þar

sem aðstöðuhús er risið. Ekki eru fyrirhugaðar framkvæmdir á suðurhluta lóðarinnar samkvæmt deiliskipulagsuppdættinum.³

Á norðurhlutanum hafa nokkrar fornminjar orðið fyrir verulegu raski vegna framkvæmda. Á því svæði eru einnig örnefni og heimildir um minjar sem ekki reyndist unnt að staðsetja vegna þeirra miklu breytinga sem hafa orðið á svæðinu eftir að hafnargerð hófst þar á 8. áratug síðustu aldar. Á norðurhluta svæðisins voru skráðar níu fornleifar og 11 minjaeiningar, sjá töflu 1.

Samtala	Fj. eininga	Sérheiti	Tegund	Hlutverk	Hættumat	hætta vegna
NM-224:025	1	Færeyingavogur	heimild	lending	engin hætta	
NM-224:026	1	Eldhúsbás	örnefni		staðsetning ókunn	
NM-224:027	1	Eyri	heimild	lending	staðsetning ókunn	
NM-224:042	1		tóft	rétt	stórhætta	framkvæmda
NM-224:043	1		tóft	fjárhús	stórhætta	framkvæmda
NM-224:044	1		þúst	óbekkt	stórhætta	framkvæmda
NM-224:045	1		frásögn	útihús	stórhætta	framkvæmda
NM-224:046	3		hleðsla	óbekkt	stórhætta	framkvæmda
NM-224:049	1		þúst	óbekkt	stórhætta	framkvæmda

Tafla 1. Skráðar minjar á norðurhluta hafnarlóðar.

Á hafnarsvæðinu sjálfu eru heimildir um tvær lendingar, annars vegar í Færeyingavogi NM-224:025 og hins vegar á Eyri NM-224:027. Þar er einnig örnefnið Eldhúsbás NM-224:026 sem bendir til þess að þar eða í grenndinni hafi verið eldhús. Allar aðstæður á hafnarsvæðinu eru gjörbreyttar frá því sem var áður en hafnarframkvæmdir hófust. Af þeim sökum er erfitt að staðsetja Eldhúsbás og Eyri en staðsetning Færeyingavogs var gróflega áætluð út frá lýsingu í örnefnaskrá. Þar sem ekki var hægt að staðsetja Eldhúsbás og Eyri var ekki hægt að gera hættumat fyrir þær minjar sem þar kunna að hafa verið en yfirgnaefandi líkur eru á því að þær hafi verið þar sem höfnin er, norðan við Færeyingavog, og að öll ummerki um mögulegar minjar séu horfin vegna framkvæmda. Lending í Færeyingavogi er ekki talin í hættu þar sem öll ummerki um hana eru horfin vegna framkvæmda. Aðrar minjar á norðursvæðinu eru á sjávarbakkanum, austan við höfnina, í eða við Bjartgjá sem var fyrst ræktað árið 1930.

³ Deiliskipulag hafnarsvæðis við Hafnarhólma Borgarfirði eystra, 4. útgáfa, 24.05. 2018. Strympa – Skipulagsráðgjöf.



Kort sem sýnir skráðar minjar á norðurhluta hafnarsvæðisins. Loftmynd: Loftmyndir ehf.

Brotakenndar minjar NM-224:046 eru utan við Bjartún og frammi á sjávarbakka. Þar má sjá grjóthleðslur í grassverði sem virðast tilheyra þremur aðskildum mannvirkjum. Ekki er vitað hvaða hlutverki þessar minjar hafa gegnt og eru þær mjög illa farnar af raski vegna framkvæmda við höfnina og vegna framkvæmda við göngustíg niður á hafnarsvæðið. Þær virðast nokkuð fornlegar og verður að teljast líklegt að þær hafi verið í tengslum við útgerð og/eða verslun á þessu svæði. Litlu austar eru tvær útflattar þústir. Stór hluti vestari þústarinnar NM-224:049 er horfinn vegna framkvæmda við göngustíg en austurhluti hennar sést enn og er í jaðri Bjartúns. Austari þústin NM-224:044 er inni á Bjartúni. Búið er að sléttu yfir báðar þessar þústir en ljóst er að þarna hafa verið tóftir. Hlutverk þeirra er ekki þekkt, þær gætu tengst landbúnaði eða jafnvel útgerð og/eða verslun á svæðinu. Norðan við þessar minjar, en utan þess hluta túnsins sem enn er sleginn, eru réttartóft NM-224:042 og útihústóft NM-224:043. Þar er vitað um þriðja mannvirkið, útihús NM-224:045 en um það sjást nú engin yfirborðsummerki. Réttin hefur að líkindum verið notuð sem heimarétt og var ekki hlaðin fyrr en árið 1963 að sögn heimildamanns. Hún telst því ekki til fornleifa í laganna skilningi en fær að fljóta með þar sem hún er til vitnis um forna byggingar- og búskaparhætti. Líklegt er að tóft NM-224:043 sé af fjárhúsum en heimildir geta um tvö fjárhús á Bjartúni. Ekki er vitað hvar hin fjárhúsin stóðu en ekki er útilokað að þau hafi verið við vesturhorn réttar NM-224:042 þar sem heimildamaður

greindi frá því að hefði verið úтиhúskofi NM-224:045. Öll ummerki um hann eru horfin en ekki er ljóst af hvaða völdum.

Þess skal getið hér að ljósleiðari liggur í gegnum lóð hafnarsvæðis við Hafnarhólma, að aðstöðuhúsi við höfnina. Samkvæmt teikningum mun hann liggja mjög nærrí þúst NM-224:044 og á milli þústar NM-224:049 og úтиhúss NM-224:045. Eins og fram kemur í kafla 2 er 15 m friðhelgað svæði umhverfis allar fornminjar. Ljósleiðarinn lendir innan friðhelgaðs svæðis í kringum þessar minjar. Mögulega er hægt að komast hjá raski á fornleifum af völdum ljósleiðaralagnar með því að hnika legu ljósleiðarans um 5 m til norðausturs þar sem hann liggur norðaustan við þúst NM-224:044 og gæta ítrrustu varúðar þar sem farið verður á milli þústar NM-224:049 og úтиhúss NM-224:045.

Minjarnar sem skráðar eru á suðurhluta hafnarlóðar má sjá í töflu 2. Þar voru skráðar sjö fornleifar en 12 minjaeiningar.


Samtala	Fj. eininga	Sérheiti	Tegund	Hlutverk	Hættumat	hætta vegna
NM-224:004	1	Hafnarvík/ Hellisfjara	heimild	lending	stórhætta	framkvæmda
NM-224:010	6	Eiðanaust	tóftir	verbúð	stórhætta	landbrots/ framkvæmda
NM-224:011	1	Eiðabás	heimild	lending	stórhætta	framkvæmda
NM-224:041	1	Tófaskáli/ Rúnuskáli	heimild	verbúð	staðsetning ókunn	
NM-224:047	1		tóft	óþekkt	stórhætta	framkvæmda
NM-224:048	1		tóft	óþekkt	hætta	rasks
NM-224:050	1		gata	leið	stórhætta	framkvæmda

Tafla 2. Skráðar minjar á suðurhluta hafnarlóðar.

Á suðurhluta hafnarlóðar eru nær eingöngu minjar sem tengjast útgerð og/eða verslun. Á því svæði eru þó einnig götur á leið NM-224:050 sem sjást neðan við núverandi Hafnarveg á alllöngum kafla litlu norðan við merki milli Hafnar og Hofstrandar og til norðurs með stefnu á Hellisfjöru í Hafnarvík. Þar eru heimildir um lendingu í Hellisfjöru NM-224:004 og bendir nafn víkurinnar til þess að þar hafi verið lent. Engar minjar um lendingu sjást hins vegar í Hafnarvík eða í Hellisfjöru.

Ofan og sunnan við Hellisfjöru í Hafnarvík eru tvær nokkuð fornlegar tóftir. Sú syðri NM-223:048 er á rústahól og er reyndar rétt innan girðingar sem afmarkar lóð sumarhússins „Í Runu“. Ekki þótti hægt að sleppa því að skrá hana, þó að hún sé strangt til tekið utan úttektarsvæðisins, því mikilvægt er að reyna að átta sig á samhengi minjanna til að auka skilning

á hlutverki þeirra. Þar sem þessi tóft er utan deiliskipulagssvæðis er hún ekki í stórhættu vegna framkvæmda en hún er skilgreind í hættu vegna mögulegs rasks innan lóðarinnar. Nyrðri tóftin NM-223:047 er 15 m norðan við þá syðri en óvist er hvort og hvernig þær tengjast eða hvort þær eru frá sama tíma. Ekki er útilokað að þessar tóftir séu tvær af þremur fornum verslunarhúsum sem Ólafur Olavius nefnir í Ferðabók sinni: „Þarna [líklega við Hellisfjöru í Hafnarvík] sjást tóttir þriggja fornra verslunarhúsa.“⁴ Ekki er þá vitað hvar þriðja tóftin var/er en henni kann að hafa verið raskað við byggingaframkvæmdir á lóð sumarhússins „Í Runu“ sem er sunnan við Hellisfjöru. Báðar tóftirnar eru einfaldar og grónar. Ekki sést veggur á austurhlíð nyrðri tóftarinna en girðing sem afmarkar sumarhúsalóðina liggur fast austan við tóftina og kann að hafa raskað henni. Ekkert rask virðist hafa orðið á syðri tóftinni sem er með op í suðvesturhorni. Í Íslensku fornbréfasafni er vitnisburðarbréf frá 1537 um að



Kort sem sýnir skráðar minjar á suðurhluta hafnarsvæðisins.
Loftmynd: Loftmyndir ehf.

Njarðvíkurkirkja eigi hólma sem liggur fyrir landi Hafnar (Hafnarhólma), skipsstöðu á Eyri (sjá NM-224:027 á norðurhluta hafnarsvæðisins) og Tófaskála, er sumir nefna Rúnuskála⁵. Í málðaga Njarðvíkurkirkju frá 1397 er einnig getið um að kirkjan eigi Tófaskála en þar er hann nefndur Torfuskáli⁶. Ekki er vitað hvar Tófaskáli/Rúnuskáli NM-224:041 var/er en eins og fram hefur komið er sumarhús sunnan við Hellisfjöru í Hafnarvík sem heitir „Í Runu“ og kann það nafn að tengjast þessum skála. Ætla má að Tófaskáli/Rúnuskáli hafi verið verbúð.

Syðst á því svæði sem tekið var út eru minjar um útgerð frá

⁴ 1965: 173.

⁵ Íslenskt fornbréfasafn X = DI X, 104.

⁶ Íslenskt fornbréfasafn IV = DI IV, 222.

Eiðum á Fljótsdalshéraði en þar eru ýmis örnefni sem minna enn á tengslin við Eiða (*Eiðabás*, *Eiðabrekka*, *Eiðanaust*). Margrét ríka á Eiðum hafði verstöð á Fiskabjargi í landi Hafnar á fyrri hluta 16. aldar en hún var fædd seint á 15. öld.⁷ Lending NM-224:009 var í Eiðabási sunnan við minjar um verstöð NM-224:010 (*Eiðanaust*). Þar sjást engar minjar og er nákvæm staðsetning lendingarinnar ekki lengur þekkt. Mjög bratt er upp á bakkann til norðurs þar sem minjar um verstöðina er að finna. Fjöldi minja sem tilheyrðu verstöðinni eru upp af Eiðabási en þar eru sýnilegar fimm tóftir og ein þúst á nokkuð stóru svæði. Minjarnar eru misgamlar og gætu þær elstu verið frá þeim tíma sem Margrét ríka var með umsvif á svæðinu eða jafnvel enn eldri. Ekki er hægt að segja neitt með vissu um aldur minjanna eða nákvæmt hlutverk hvers mannvirkis án frekari rannsókna. Þó eru tóftir 5 og 6 að öllum líkindum verbúðartóftir. Minjarnar eru í hættu vegna landbrots og hefur brotnað af tóft 1 sem er frammi á bakka ofan við Eiðabásinn. Hins vegar eru allar minjarnar skilgreindar í stórhættu vegna framkvæmda vegna deiliskipulags á þessu svæði. Auðvelt ætti að vera að komast hjá því að raska minjum á suðurhluta hafnarsvæðisins ef til framkvæmda kemur en þær eru mjög mikilvægar fyrir sögu útgerðar á Borgarfirði eystri.

Um minjar á hafnarsvæðinu almennt má segja að þær tengjast að mestu útgerð og mögulega einnig verslun. Minjarnar á suðurhluta svæðisins eru að öllum líkindum minjar um verstöðu og útgerð og á norðurhlutanum eru einnig heimildir um útgerðarminjar en þær eru óljósar og brotakennar. Hins vegar er hlutverk margra minja á norðurhluta svæðisins ekki þekkt þannig að óljóst er hversu margar þeirra tengjast útgerð og hversu margar landbúnaði. Aðeins þjár fornleifar á norðursvæðinu eru landbúnaðarminjar svo vitað sé.

Útgerðarsaga í þessari hafnlausu byggð hefur lítið sem ekkert verið rannsókuð og er mikilvægt að minjar um hana séu varðveittar og stuðlað sé að rannsóknum á þeim. Auðvelt ætti að vera að komast hjá raski á minjunum á suðurhluta hafnarsvæðisins og einnig ætti að vera hægt að koma í veg fyrir frekara minjarask í norðurhlutanum. Þar gæti þurft að endurskoða staðsetningu byggingareita í deiliskipulagi. Þar sem leggja á ljósleiðara um norðurhlutann ætti að vera hægt að komast hjá raski á minjum sem sjást á yfirborði og eru þekktar ef legu ljósleiðarans verður hnikað lítillega til norðausturs og ýtrastu varúðar er gætt við framkvæmdina. Ef óhjákvæmilegt reynist hins vegar að raska fornminjum vegna framkvæmda er það hlutverk Minjastofnunar Íslands að skera úr um hvort og með hvaða skilmálum fornleifar mega víkja við slíkar aðstæður.

⁷ Benedikt Gíslason, 1958:47-48.

Ljósleiðari í Borgarfirði eystri

Ljósleiðari sem fyrirhugað er að leggja í Borgarfjarðarhreppi mun víðast verða plægður niður meðfram vegum og var ekki farið fram á það við Fornleifastofnun Íslands að taka út þau svæði þar sem þannig háttar til. Þegar komið var á vettvang varð fljótt ljóst að víða mun strengurinn liggja um óröskað svæði meðfram vegum. Því var reynt að kanna og skrá minjar þar eins vel og hægt var miðað við aðstæður. Umfjöllun um svæði meðfram vegum er að finna aftast í þessum kafla um ljósleiðarann. Á fjórum svæðum gera áætlanir ráð fyrir því að ljósleiðarinn liggi talsvert langt frá vegi á 3,25 km langri leið og voru þau svæði tekin út með tilliti til fornminja, 15 m breitt svæði beggja vegna við strenginn. Á þessum fjórum svæðum voru samtals skráðar átta fornleifar og tíu minjaeiningar, sjá töflu 3. Hér á eftir verður fjallað um hvert þessara svæða fyrir sig og þær fornleifar sem þar fundust.

Samtala	Fj. eininga	Sérheiti	Tegund	Hlutverk	Hættumat	Hætta vegna
NM-209:050	1		tóft	heystæði	stórhætta	framkvæmda
NM-209:051	2		tóft+garðlag	útihús/tún-garður	stórhætta	framkvæmda
NM-209:052	1		tóft	óþekkt	stórhætta	framkvæmda
NM-217:001	1	Gilsárvallar-hjáleiga	bæjarhóll	bústaður	stórhætta	framkvæmda
NM-217:014	1	Fjárhúsið	þúst	fjárhús/bæjarhóll	stórhætta	framkvæmda
NM-217:023	1		frásögn	brunnur	stórhætta	framkvæmda
NM-217:024	1		þúst	útihús	stórhætta	framkvæmda
NM-223:014	2		tóftir	heystæði	stórhætta	framkvæmda

Tafla 3. Skráðar minjar á svæðum þar sem leggja á ljósleiðara utan vegstæða.

Svæði 1 – Hofströnd: Á svæðinu var skráð ein fornleif en tvær minjaeiningar.

Hofströnd er næsta jörð sunnan við Höfn. Þar er lega ljósleiðara áætluð nokkuð frá vegi á 700 m langri leið austan við svokallaðan Ölduhamar norðarlega í landareigninni. Samkvæmt teikningum mun ljósleiðarinn liggja á milli tveggja heytófta NM-223:014 en stutt er á milli þeirra og hætt við því að þær verði fyrir raski við framkvæmdir. Á þessum stað mætti færa línuna 20 m til austurs eða vesturs þannig að hún fari út fyrir minjarnar og friðhelgað svæði í kringum þær.

Svæði 2 – Gilsárvellir og Grund (áður Gilsárvallahjáleiga): *Á svæðinu voru skráðar fjórar fornminjar.*

Á svæði 2 verður ljósleiðari tengdur í brunn ofan við Gilsárvelli og leiddur til austurs að Gilsárvöllum og til suðurs að Grund, alls 1,05 km langa leið. Engar fornminjar komu í ljós í landi Gilsárvalla en í landi Grundar mun ljósleiðarinn liggja yfir gamla heimatúnið samkvæmt teikningum. Þar voru skráðar *fjórar fornminjar* sem sjást á yfirborði eða heimildir eru um. Hætt er við því að enn fleiri minjar séu á þessu svæði sem ekki sjást lengur á yfirborði. Á teikningum liggur línan yfir minjar um fjárhús NM-217:014 sem eru á gríðarstórum rústahól. Höllinn gæti verið gamall bæjarhóll þó að bærinn hafi verið neðar og austar í túninu síðustu aldir, sjá NM-217:001. Mikilvægt er að á þessum kafla sé legu ljósleiðara breytt þannig að hann fari ekki yfir minjarnar eða hólinn en þess í stað mætti færa hann 28-30 m til norðausturs og leggja hann meðfram hólnum. Þar þarf þó að varast þúst NM-217:024 sem er 13 m norðaustan við rústahólinn. Pústin er utan áhrifasvæðis ljósleiðara samkvæmt þeim teikningum sem unnið var eftir en lendir innan þess ef línan verður færð til norðausturs. Það er því ljóst að ljósleiðaralögnum mun á þessum slóðum liggja innan friðhelgaðs svæðis í kringum minjar. Í heimatúni Grundar eru bæjarhóll Gilsárvallahjáleigu/Úthjáleigu NM-217:001 og brunnur NM-217:023 rétt innan úttektarsvæðisins og þarf að gæta þess vel að þessum minjum verði ekki raskað. Engin yfirborðsummerki sjást þó um brunninn en líklegt er að leifar hans leynist undir sverði. Í landi Grundar færi að öllum líkindum betur á því að leggja ljósleiðarann meðfram veginum frá Gilsárvöllum að Grund í stað þess að fara með hann í gegnum heimatúnið þar sem dreifing minja er hvergi þéttari.

Svæði 3 – Jökulsá: *Á svæðinu voru engar fornminjar skráðar.*

Samkvæmt teikningum verður ljósleiðari leiddur úr brunni norðaustan við Jökulsá og mun liggja í sveig til suðausturs yfir tún og móa að bænum, tæplega 1 km löng leið. *Engar minjar fundust á þessari leið.* Bærinn á Jökulsá hefur verið fluttur af eldra bæjarstæði og liggur ljósleiðarinn því ekki í gegnum gamla heimatúnið.

Svæði 4 – Njarðvík: *Á svæðinu voru skráðar þrjár fornleifar en fjórar minjaeininger.*

Í landi Njarðvíkur er fyrirhugað að ljósleiðarinn verði lagður skáhallt yfir tún austan við heimreið að Njarðvík og Hlíðartúni og sunnan við Njarðvíkurá, á um 500 m langri leið. Þar voru skráðar *þrjár fornleifar en fjórar minjaeininger*. Í öllum tilvikum er áætluð lega ljósleiðara það langt frá þekktum minjum að auðvelt ætti að vera að komast hjá því að raska þeim.

Ábuéndur í Hlíðartúni töldu víst að farið yrði með strenginn ofan við túnið (en ekki í gegnum það) og niður með heimreið að bænum. Af þeim sökum var rúmt svæði tekið út með tilliti til fornminja. Vestast á þessu svæði er heytóft NM-209:050 sem er 28 m austan við heimreið að Njarðvík og Hlíðartúni og 25 m sunnan við áætlaða legu ljósleiðara. Niður við Njarðvíkurá, nokkru austar, eru tóft og garðlag NM-209:051 sem tengjast að öllum líkindum búsetu í hjáleigunni Króksbakka og eru 20. aldar minjar. Tóftin er á bakka Njarðvíkurár og langt frá ljósleiðara en garðurinn liggur til SSA frá henni og endar 11 m frá áætlaðri legu ljósleiðarans. Austast á svæðinu er lítil útihústóft NM-209:052 sem má ætla að hafi einnig tengst búsetu á Króksbakka. Hún er 15 m suðvestan við áætlaða legu ljósleiðara.

Svæði meðfram vegum

Verkbeiðni sveitarfélagsins náði ekki til annarra svæða en þeirra sem fjallað er um hér að ofan þar sem það var skilgreint sem svo að á öðrum svæðum lægi ljósleiðarinn á röskuðum svæðum í vegköntum. Þegar á vettvang var komið og farið var að skoða betur legu ljósleiðara þar sem hann á að liggja meðfram vegum varð ljóst að á löngum köflum er gert ráð fyrir að ljósleiðarinn liggi allt að 20 m frá vegkanti. Þar eru víða óröskað svæði og því var reynt eftir fremsta megni að ganga úr skugga um að allar þekktar minjar á þeim svæðum væru einnig skráðar. Var það gert með því að fara í gegnum heimildaskráningu fyrir allar jarðir sem ljósleiðarinn liggur um og haft samband við heimildamenn auk þess sem rýnt var í loftmyndir í leit að vísbendingum um fornminjar sem kynnu að vera í hættu. *Skráðar voru 9 fornleifar en 12 minjaeiningar á þremur jörðum* þar sem ljósleiðarinn liggur meðfram vegum, sjá töflu 4. Ekki var gengið skipulega meðfram vegum þar sem ljósleiðarinn á að liggja og því ekki útilokað að fleiri minjar séu á svæðinu sem hann liggur yfir. Ekki reyndist unnt að vinna ítarlegri úttekt miðað við þær forsendur sem gefnar voru og þann tíma sem áætlaður var í verkið.

Samtala	Fj. eininga	Sérheiti	Tegund	Hlutverk	Hættumat	Hætta vegna
NM-210:030	1		garðlag	túngarður	stórhætta	framkvæmda
NM-210:031	2		Tóft	Hesthús	stórhætta	framkvæmda
NM-210:032	1	náma	mógrafir	stórhætta	framkvæmda	
NM-211:024	1		Tóft	Fjárhús	stórhætta	framkvæmda
NM-211:025	2	hleðsla	legstaður	stórhætta	framkvæmda	
NM-223:001	1	Hofströnd	bæjarhóll	bústaður	stórhætta	framkvæmda
NM-223:002	2	Hoftóft	Tóft	Óþekkt	stórhætta	framkvæmda
NM-223:015	1		gata	leið/ samgöngubót	stórhætta	framkvæmda
NM-223:016	1		heimild	Leið	stórhætta	framkvæmda

Tafla 4. Skráðar minjar þar sem ljósleiðari liggur meðfram vegum.

Í landi Snótruness voru skráðar þrjár fornleifar en fjórar minjaeiningar. Samkvæmt teikningum mun ljósleiðari liggja í gegnum mógrafir NM-210:032 og í gegnum vestasta hluta heimatúnsins. Þar fer hann í gegnum túngarð NM-210:030 og er 3 m vestan við hesthústóft og leifar af hrútakofa NM-210:031 (tvær minjaeiningar). Þessar minjar virðast allar fremur ungar og eru líklega frá því um aldamótin 1900 eða yngri. Ekki verður þó skorið úr um aldur þeirra nema með frekari rannsókn. Hesthústóft NM-210:031 er einföld og er torf- og grjóthlaðin. Hún er frammi á háum bakka sem myndast hefur við vegagerð. Fast sunnan við hana er nokkuð afgerandi lægð þar sem var hrútakofi. Best væri ef ljósleiðarinn yrði færður 15 m til ASA, niður fyrir minjarnar í gamla túninu og leiddur um raskað svæði meðfram veginum. Mógröfunum hefur þegar verið raskað mikið vegna fyllingar og vegagerðar og minni ástæða til þess að gera breytingar á legu ljósleiðara þar sem hann liggur í gegnum þær.

Í landi Geitavíkur voru skráðar tvær fornleifar en þrjár minjaeiningar. Annars vegar ung tvískipt fjárhústóft NM-211:024 úr blönduðu efni og hins vegar minjar um meintan legstað NM-211:025 sem komu í ljós við vegagerð eftir miðja síðustu öld. Fjárhúsini hafa að öllum líkindum tilheyrt nýbýlinu Skriðubóli sem byggist fyrst 1957 og eru líklega of ung til að geta talist til fornleifa samkvæmt skilgreiningu laganna (þar sem miðað er við mannvirki 100 ára og eldri). Nákvæmur aldur þeirra er þó ekki þekktur og voru þau skráð þar sem þau eru til vitnis um forna byggingarhefð og það umbreytingartímabil í byggingarsögumni þegar steypa tekur við af torfi og grjóti sem byggingarefni. Áætluð lega ljósleiðara er 12 m frá fjárhúsum þannig að það ætti að vera hægt að komast hjá raski á þeim vegna framkvæmda ef ítrrustu varúðar er gætt. Upp úr miðri síðustu öld komu í ljós merkar minjar NM-211:025 þegar unnið var að vegagerð utan við Grafgil. Grafið var niður á grjóthlaðinn stokk sem gat rúmað mannslíkama. Stokkurinn var í haug eða hringlaga hól og sjást enn leifar af garði eða hleðslu sem afmarkaði hólinn. Þegar grafið var í hauginn sá ýtumaður kynlegan skugga af manni í ljósum ýtunnar sem notuð var við vegagerðina. Við þessa sýn brá ýtumanni illa og hætti hann að grafa í hauginn. Engin ummerki um bein eða gripi voru í meintri gröf í grjótstokknum en framkvæmdum var hætt þarna og sléttuð yfir.⁸ Fáum árum síðar var hlaðinn sambærilegur grjótstokkur litlu ofar á svæðinu til þess að merkja staðinn og koma í veg fyrir frekrara rask. Áætluð lega ljósleiðara er fast vestan við hleðslu í kringum hólinn sem meint gröf var í og þarf að færa línuna a.m.k. 15 m til vesturs til að komast hjá frekara raski á þessum áhugaverðu minjum. Þarna þyrfti að fara fram ítarleg rannsókn til þess að átta sig betur á eðli minjanna og rétt er að minna á að hafi kuml verið á

⁸ Sveitir og jarðir í Múlaþingi II, 379-380.

þessum stað eru góðar líkur á því að fleiri slík gætu leynst í nágrenninu þar sem kuml finnast sjaldnast stök hér á landi.

Að lokum voru *fjórar fornleifar skráðar í landi Hofstrandar* þar sem ljósleiðari liggur meðfram veginum. Ein þeirra er friðlyst meint hoftóft sem er á milli núverandi og eldri Hafnarvegar um 90 m norðan við bæinn á Hofströnd. Tóftin hafði áður verið skráð og mæld upp af minjaværði Austurlands en ekki var friðlysingarmerki við tóftina. Tóftin var mæld aftur upp og skráð ítarlega. Með henni var skráð ein þúst sem virðist geta verið manngerð en ekki er ljóst hvernig eða hvort hún tengist tóftinni. Meint hoftóft virðist ekki vera frá elstu tíð en aldur hennar er ekki þekktur og heldur ekki hlutverk hennar. Líklegt er að um einhvers konar útihús með samþyggðu gerði sé að ræða en ekki er hægt að útiloka að þarna hafi verið tímabundin búseta. Mjög lítið rými er á milli tóftarinnar og Hafnarvegar (9498) þar sem áætlað er að leggja ljósleiðara. Umverfis friðlystar minjar er 100 m friðhelgað svæði. Farið hefur verið inn á það með vegi austan og vestan við hana. Ráðgert er að leggja ljósleiðara 12 m vestan við tóftina og því ljóst að leita þarf álits Minjastofnunar Íslands á því hvort og með hvaða skilmálum hægt verði að leggja ljósleiðarann svo nálægt henni.

Í landi Hofstrandar eru einnig miklar götur NM-223:015 sem sjást norðan við sjónvarpsmastur norðarlega í landareigninni. Líklegt er að þær tengist leið sem skráð var í landi Hafnar nokkuð norðar, sjá NM-224:050. Ljósleiðarinn liggur yfir suðaustustu göturnar á þessum kafla og mætti færa hann 8 m til suðvesturs, nær Hafnarvegi. Með því væri hægt að koma í veg fyrir frekara rask á leiðinni en hún er víða horfin vegaraðar.

Í heimatúni Hofstrandar var bæjarhóllinn NM-223:001 lauslega skráður, sem og leið NM-223:016 sem lá í gegnum túnið og sýnd er á túnakorti frá 1918 en ljósleiðari mun að öllum líkindum fara inn í norðvesturjaðar bæjarhólsins þar sem hann verður tengdur inn í íbúðarhús sem byggt var 1989 og er norðar og vestar en eldri bær sem brann. Ekki er að sjá að hægt sé að hnika legu ljósleiðara þar sem hann liggur inn í bæjarhól á leið sinni inn í íbúðarhúsið. Í því tilviki mun Minjastofnun Íslands úrskurða um hvort og þá hvaða mótvægisáðgerðir eru nauðsynlegar.

Þær minjar sem skráðar voru vegna ljósleiðaralagnar eru að mestu leyti búsetu- og landbúnaðarminjar; bæjarhólar, tóftir og þústir þar sem hafa verið útihús, garðlög, mógrafir og götur. Bæjarhólar eru langmikilvægasta tegund fornleifastaða. Þeir eru samsettir úr byggingaleifum og mannvistar�ogum og þar er mikilla og fjölbreyttra formminja að vænta. Í þeim er geymd saga daglegs lífs kynslóðar á kynslóð ofan og í þeim er flesta forngrípi að finna. Aðeins verður fyrirsjánlegt rask á einum bæjarhól þar sem fyrirhugað er að tengja ljósleiðara

inn í íbúðarhús í dreifsbýlinu í Borgarfjarðarhreppi. Það skýrist af því að á flestum býlum sem hyggjast tengjast ljósleiðaranum hefur bæjarstæðið verið flutt eða þau íbúðarhús sem eru í notkun hafa verið flutt af bæjarhólum sjálfum. Einnig er nokkuð um það að nýbýli tengist ljósleiðaranum þar sem ekki hefur verið löng búseta. Það er eingöngu á Hofströnd þar sem fara þarf inn í bæjarhól NM-223:001 með ljósleiðarann en núverandi íbúðarhús stendur þó í jaðri bæjarhólsins, vestar og norðar en eldri bær, og ætti því bæjarhóllinn að sleppa við rask að mestu leyti.

Þrátt fyrir að ljósleiðari liggi aðeins á einum stað inn í bæjarhól liggur hann á fleiri stöðum inn í gömul heimatún. Hvergi er dreifing forminja jafnþétt og í heimatúnum og því mikil hætta á því að jarðrask innan þeirra muni raska minjum þó að þær hafi verið sléttaðar í tún og sjáist jafnvel ekki á yfirborði. Þar sem ljósleiðarinn liggur inn á heimatún er það allsstaðar meðfram heimreiðum eða öðrum vegum nema þar sem hann liggur í gegnum heimatún Grundar (Gilsárvallahjáleigu). Þar er minjum mjög mikil hætta búin af lagningu ljósleiðara og væri að öllum líkindum skárr kostur að leggja ljósleiðarann meðfram vegum að Grund. Það verður hins vegar að hafa í huga að þar sem ljósleiðari liggur meðfram vegum inn á heimatún getur verið að hann raski fornminjum sem sjást ekki lengur og engar heimildir eru um. Ef áður óþekktar fornminjar koma í ljós við framkvæmdir skal tafarlaust hafa samband við Minjastofnun Íslands.

Samantekt helstu niðurstaðna

Á hafnarsvæði voru skráðar 16 fornleifar en 23 minjaeininger. Þær eru flestar skilgreindar í stórhættu vegna framkvæmda. Ekki var hægt að gera hættumat fyrir minjar sem ekki reyndist unnt að staðsetja og þar sem vitað er að minjar eru horfnar eru þær ekki skilgreindar í hættu. Ein fornleif er innan sumarbústaðarlóðar og er ekki í stórhættu vegna framkvæmda en þó metin í hættu vegna rasks innan lóðarinnar. Gamlar og nýlegar framkvæmdir hafa raskað fornminjum á norðanverðu hafnarsvæðinu. Þrátt fyrir að ráðgerðar framkvæmdir gætu ógnað minjum á svæðinu ætti að vera hægt að komast hjá raski á fornminjum innan hafnarsvæðisins en mögulega þarf að breyta stærð og staðsetningu byggingareita á norðurhlutanum.

Mikilvægt er að hafa í huga nálægð ljósleiðara við minjar á hafnarsvæðinu. Lagt er til að legu ljósleiðara verði hnikað lítillega til að komst hjá raski á minjum þar sem hann liggur um norðanvert hafnarsvæðið.

Á þeim fjórum svæðum þar sem leggja á ljósleiðara langt frá vegum voru skráðar átta fornleifar og 10 minjaeiningar. Þær eru allar skilgreindar í stórhættu vegna framkvæmda. Lagt er til að legu ljósleiðara verði breytt lítillega á svæðum 1 og 2 til að koma í veg fyrir rask á minjum.

Þar sem ljósleiðari liggur meðfram vegum voru skráðar 9 fornleifar og 12 minjaeiningar. Þær eru allar skilgreindar í stórhættu vegna framkvæmda. Þar sem ljósleiðarinn kemur til með að liggja mjög nærrí eða yfir minjar er lagt til að legu hans verði hnikað lítillega til að komast hjá raski.

Vakin er sérstök athygli á því að ráðgert er að ljósleiðari liggi innan friðhelgi friðlýstra minja í landi Hofstrandar (NM-223:002). Ráðgert er að ljósleiðarinn verði lagður meðfram veginum rétt við minjarnar og er ljóst að leita þarf álits Minjastofnunar Íslands um hentuga legu á þessum slóðum eða mögulegar mótvægisaðgerðir.

Að lokum er ítrekað að ef óhjákvæmilegt reynist að raska fornminjum vegna framkvæmda er það hlutverk Minjastofnunar Íslands að skera úr um hvort og með hvaða skilmálum fornleifar mega víkja við slíkar aðstæður. Eins og áður hefur komið fram eru miklar líkur á að áður óþekktar fornminjar komi í ljós við jarðrask innan heimatúna.

Heimildaskrá

ÁG: Skrá um friðlýstar fornleifar: *Fornleifaskrá. Skrá um friðlýstar fornleifar.* 1990. Ágúst Ó. Georgsson tók saman. Þjóðminjasafn Íslands, formminjanefnd, Reykjavík.

Benedikt Gíslason. 1958. *Eiðasaga*. Bókaútgáfan Norðri, Akureyri.

Björn Lárusson. 1967. *The Old Icelandic Land Registers*. Gleerup, Lund.

DI: *Diplomatarium Islandicum eða Íslenzkt fornbréfasafn I-XVI.* 1853-1976. Hið íslenzka bókmenntafélag, Kaupmannahöfn og Reykjavík.

FF: *Frásögur um fornaldarleifar 1817-1823*. Sveinbjörn Rafnsson (ritstjóri). Stofnun Árna Magnússonar, Reykjavík.

ÍF I: *Íslensk fornrit I*. Íslendingabók. Landnámabók. 1968. Hið íslenzka fornritafélag, Reykjavík.

ÍF XI: *Íslensk fornrit XI*. Austfirðingasögur. 1950. Hið íslenzka fornritafélag, Reykjavík.

Jarðabréf frá 16. og 17. öld. Útdrættir. 1993. Gunnar F. Guðmundsson bjó til prentunar. Hið íslenska fræðafélag í Kaupmannahöfn, Kaupmannahöfn.

Johnsen, J. 1847. *Jarðatal á Íslandi*. [Án útgefanda], Kaupmannahöfn.

Kristian Kålund. 1877-82. *Bidrag til en topografisk-historisk Beskrivelse af Island I-II*. Gyldendal, København.

Kaalund: Isl.sögust, IV: Kristian Kaalund. 1986. *Íslenzkir sögustaðir IV*. Haraldur Matthíasson þýddi. Örn og Örlygur, Reykjavík.

ÓO II: Ólafur Olavius. 1964-65. *Ferðabók: landshagir í norðvestur-, norður-, og norðaustursýslum Íslands 1775-1777* I-II. Steindór Steindórsson þýddi. Bókfellsútgáfan, Reykjavík.

SJM II: *Sveitir og jarðir í Múlapíngi* II. 1975. Búnaðarsamband Austurlands, Egilsstöðum.

SS: "Goðkennd örnefni eystra" **Árbók 1932:** Sigfús Sigfússon. 1932. "Goðkennd örnefni eystra." *Árbók Hins íslenzka fornleifafélags* 1932: 83-89.

PJÁ: *Íslenzkar þjóðsögur og ævintýri* I-VI. 1961. Jón Árnason safnaði, ný útg. Þjóðsaga, Reykjavík.

Óprentaðar heimildir:

Deiliskipulag hafnarsvæðis við Hafnarhólma Borgarfirði eystra. 4. útgáfa, 24.05. 2018.

Strympa – Skipulagsráðgjöf, Egilsstöðum.

Loftmyndir frá Loftmyndum ehf.

Minjastofnun Íslands. Umsögn vegna ljósleiðara frá Njarðvík út að Höfn í Borgarfjarðarhreppi. Bréf dagsett 22. maí 2018. MÍ201804-0113/6.10/Þ.E.H.

Þjóðskjalasafn Íslands

Túnakort 1918: Túnakort Borgarfjarðarhrepss frá 1918.

Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum:

Ö-Grund: Örnefnaskrá Grundar. Eyjólfur Hannesson skráði 1957.

Ö-Höfn: Örnefnaskrá Hafnar. Þorsteinn Magnússon skráði 1957.

Ö-Höfn, athugasemdir og viðbætur: Örnefnaskrá Hafnar, athugasemdir og viðbætur.

Guðrún S. Magnúsdóttir skráði 1995 eftir Magnúsi Þorsteinssyni.

Heimildamenn

Andrés Hjaltason f. 24.09. 1955

Andrés Skúlason f. 03.03. 1963

Helga Erla Erlendsdóttir f. 22.10. 1953

Ingibjörn Kristinsson f. 05.01.1942

Jakob Sigurðsson f. 02.08. 1959

Jón Björnsson f. 02.07. 1945

Jón Þórðarson f. 21.04.1954

Margrét Benediktsdóttir Hjarðar f. 01.11. 1963

Skúli Andrésson f. 26.05. 1928

Hnitaskrá ISN93


Samtala	X	Y
NM-209:050	735587	573201
NM-209:051_1	735702	573290
NM-209:051_2	735699	573276
NM-209:052	735944	573186
NM-210:030	738957	571458
NM-210:031_1	738960	571482
NM-210:031_2	738961	571478
NM-210:032	738989	571633
NM-211:024	738773	570152
NM-211:025_1	738832	570492
NM-211:025_2	738827	570495
NM-211:025_3	738830	570493
NM-217:001	738397	563889
NM-217:014	738314	563944
NM-217:023	738384	563889
NM-217:024	738361	563953
NM-223:001	741840	568073
NM-223:002_1	741852	568167
NM-223:002_2	741854	568175
NM-223:002_3	741838	568168
NM-223:002_4	741835	568182
NM-223:014_1	741873	568829

NM-223:014_2	741865	568827
NM-223:015	741761	569175
NM-223:016	741821	568078
NM-224:004	742094	570124
NM-224:010_1	742033	569933
NM-224:010_2	742042	569927
NM-224:010_3	742017	569930
NM-224:010_4	742004	569914
NM-224:010_5	742040	569944
NM-224:010_6	742055	569949
NM-224:011	742029	569909
NM-224:025	742133	570275
NM-224:042	742243	570343
NM-224:043	742260	570352
NM-224:044	742242	570315
NM-224:045	742239	570342
NM-224:046_1	742195	570314
NM-224:046_2	742202	570315
NM-224:046_3	742199	570310
NM-224:047	742035	570084
NM-224:048	742034	570061
NM-224:049	742220	570320
NM-224:050	742087	569874

Minjakort

Minjakort eru unnin ofan á loftmyndir frá Loftmyndum ehf.

Yfirlitskort



Kort 1

Hafnarsvæði



Kort 2


Svæði 1_Ljósleiðari auk annarra minja meðfram vegum í landi Hofstrandar



Kort 3

Svæði 2_Ljósleiðari

Gilsárvellir



Kort 4

Svæði 4_ljósleiðari



Njarðvíkurá

mógrafir

tóft

209050

tóft

209052

Skýringar

- Fornminjar_punktar
- Fornminjar_flákar
- Ljósleiðari

0 25 50 75 100 m

Kort 5

Minjar meðfram vögum í landi Snotrunes og Geitavíkur



Skýringar

- Fornminjar_punktar
- Fornminjar_línur
- götur
- - - aðrar línur
- Fornleifar_flákar
- Ljósleiðari